


**skoðun 12**

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk


FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
HÁTÍÐ Á SUÐURNESJUM
Heklugos á Suðurnesjum er yfirskrift viðburðar sem ætlað er að kynna og efla hönnun á Suðurnesjum. Að viðburðinum standa Heklan, Eldey þróunarsetur, SKASS og Menningarráð Suðurnesja og fer hann fram í Eldey fimmtudaginn 31. maí kl. 19.30. Í Eldey starfa nú um 18 sprotafyrirtæki.
ÆVINTÝRI Í AMERÍKU
SPILAVÍTI OG VILLT DÁDÝR Hákon Skjenstad er nýkominn heim úr „road trip" um Colorado og Nýju-Mexíkó. Hópurinn lagði 1.500 kílómetra að baki.


## Kruger flottust

*Dior-kjóll Diane Kruger var sá flottasti á lokakvöldinu í Cannes.*

**bíó 24**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Miðvikudagur**
**30. maí 2012**
125. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Tilfinningaríkt kvöld

*Inga á Nasa kvaddi skemmtistaðinn sinn með tárum á laugardagskvöld.*

**tónlist 30**

## Okkar annað heimili

*KK-Band fagnar tuttugu ára afmæli plötunnar Bein leið á Vagninum á Flateyri.*

**tímamót 16**



## Allt undir í kvöld

*Íslenska kvennalandsliðið mætir Spáni í undankeppni EM í handbolta í kvöld.*

**sport 26**

### veðrið í dag




**ÁFRAM BJART** en þokubakkar með ströndum norðan- og austanlands. Hægur vindur eða hafgola. Hiti víða 10-20 stig.

**VEÐUR 4**

# Um helmingur sjúkrabíla stenst ekki öryggiskröfur

**Tugir þeirra 77 sjúkrabíla sem eru í landinu standast ekki viðmiðunarkröfur um gæði og öryggi. Flestir of gamlir eða of mikið keyrðir. Velferðarráðherra er bjartsýnn á að samningar náist brátt við Rauða krossinn.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Nærri helmingur sjúkrabíla hér á landi stóðst ekki kröfur velferðarráðuneytisins um öryggi og gæði í lok síðasta árs. Rauði krossinn sér um rekstur allra sjúkrabíla á landinu, sem eru nú alls 77 talsins.

Samningar Rauða krossins við velferðarráðuneytið hafa verið lausir frá síðustu áramótum og hafa samningaviðræður verið stopular síðan. Frá árinu 2005 hefur kostnaður við innkaup til sjúkraflutninga tvöfaldast; farið úr níu milljónum króna upp í nærri 20 milljónir. Þá hefur eldsneytiskostnaður hækkað úr 17 milljónum í um 40 milljónir.

„Þetta er orðið mjög alvarlegt mál," segir Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða krossins. Hann sér fram á að nauðsynlegt verði fyrir samtökin að endurnýja eitthvað af flotanum í ár þó samningar náist ekki við ráðuneytið. „Það þyrfti þó að endurnýja um það bil helminginn," segir Kristján. Hver bifreið kostar á bilinu 18 til 20 milljónir króna.

Starfshópur innan velferðarráðuneytisins hefur undanfarin misseri farið heildstætt yfir sjúkraflutninga í landinu. Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir að bílarnir séu ekki komnir að hættumörkum.

„Þó er auðvitað ekki hægt að teygja í langan tíma að fara í endurnýjun og við erum mjög meðvituð um það," segir Guðbjartur og bætir við að hugsanlegt sé að slakað verði á aldurs- og kílómetrakröfum til bílanna tímabundið. „Það er alveg klárt að við fylgjum þeim öryggiskröfum sem við setjum okkur sjálf," segir hann og er bjartsýnn á að samningar náist brátt. „Rauði krossinn hefur sinnt þessu sérlega vel."

Um síðustu áramót var 21 sjúkrabíll orðinn of gamall og átta eknir yfir leyfðan kílómetrafjölda, að því er fram kemur í ársskýrslu Rauða krossins fyrir árið 2011. Stjórnvöld hafa farið fram á að viðmið um aldur og kílómetrafjölda verði hækkuð til að draga úr þörf á endurnýjun. Sjúkrabílar fluttu um 27.500 sjúklinga í fyrra. **- sv**

## Bilaði við útkall

Dæmi eru um að ekki hafi verið hægt að ræsa vél sjúkrabíls þegar átti að keyra af stað í útkall. „Það var að mig minnir dæmi um gamlan bíl sem var ekki mikið keyrður," segir Kristján og segir aldur bílanna einnig mikið áhyggjuefni þar sem aldursslit sé töluvert, sér í lagi þar sem í þeim séu mjög flókin rafkerfi.

Einnig eru til dæmi um að sjúkrabílar hafi bilað í miðju útkalli, að því er fram kemur í skýrslunni.

### Stjórnvöld vilja lengja aldur sjúkrabíla upp í 12 ár

| | Árið 2006 | Í dag | Tillögur stjórnvalda |
|---|---|---|---|
| Aldur: | 5 ár | 10 ár | 12 ár |
| Akstur: | 100.000 kílómetrar | 150.000 kílómetrar | 200.000 kílómetrar |



**SAMHÆFÐUR ÞVOTTUR** Það er ekki fyrir lofthrædda að þvo gluggana á Hóteli Sögu. Þessir vösku menn létu sig hins vegar ekki muna um að teygja sig hvor í sína áttina efst í körfubílnum í sólinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hommar og lesbíur synda:

## Heimsmeistaramót í Reykjavík

**ÍÞRÓTTIR** Heimsmeistaramót samkynhneigðra í sundíþróttum hefst í dag. Mótið hefur verið haldið í tugi ára en þetta er í fyrsta skipti sem það er haldið hér á Íslandi. Um 450 hommar og lesbíur alls staðar að úr heiminum eru saman komin til að taka þátt í mótinu.



**JÓN ÞÓR ÞORLEIFSSON**

„Það var skorað á okkur að halda mótið yfir bjór í Kaupmannahöfn fyrir þremur árum. Við tókum þeirri áskorun," segir Jón Þór Þorleifsson annar höfuðpaura í skipulagningu mótsins sem haldið er undir merkjum íþróttafélagsins Styrmis. **- trs /****sjá síðu 30**

Frestur slitastjórna bankanna til að rifta gerningum að renna út:

# Hafa höfðað tugi riftunarmála

**VIÐSKIPTI** Slitastjórn Glitnis krefst um 20 milljarða króna í tæplega 20 riftunarmálum sem hún þingfesti 24. maí síðastliðinn. Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnarinnar, segir málin aðallega höfðuð gegn innlendum og erlendum fjármálastofnunum vegna gerninga sem áttu sér stað síðustu sex mánuðina fyrir fall bankans.

„Það er verið að tryggja jafnræði kröfuhafa með því að höfða riftunarmál. Það er verið að tryggja að allir kröfuhafar sem eru í sama flokki fái sömu úthlutun og sitji við sama borð. Í þessum tilvikum er aðallega verið að höfða mál gegn innlendum og erlendum fjármálastofnunum."

> Það er verið að tryggja jafnræði kröfuhafa með því að höfða riftunarmál.
>
> **STEINUNN GUÐBJARTSDÓTTIR**
> FORMAÐUR SLITASTJÓRNAR GLITNIS

Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans, segir þrotabú hans vera búið að koma einhverjum tugum riftunarmála í gang. Málshöfðunarfrestur Landsbankans vegna riftunarmála rann út í apríl síðastliðnum. Hann vill þó ekki greina frá umfangi þeirra mála en segir að það verði gert á kröfuhafafundi á fimmtudag.

Feldís Lilja Óskarsdóttir hjá slitastjórn Kaupþings segir að riftunarfrestur renni ekki út hjá honum fyrr en í lok júní. Hún vildi ekki svara því hvort búið væri að höfða riftunarmál en benti á að bankinn væri með kröfuhafafund á fimmtudag þar sem starfsemi slitastjórnarinnar yrði kynnt fyrir kröfuhöfum. **-þsj/****sjá síðu 8**


ÍSLENSK LISTASAGA




★★★★★
EFI / MORGUNBLAÐIÐ



Aspirin
Actavis
– fæst án lyfseðils í apótekum



actavis

## SPURNING DAGSINS



*Daníel, verða þetta yfirnáttúrulega dularfullir þættir?*

„Miklu meira. Þeir verða handan þessa heims.“

Daníel Bjarnason kvikmyndagerðarmaður vinnur nú að gerð sjónvarpsþáttanna Óupplýst sem fjalla um drauga, afturgöngur, geimverur og fleiri yfirskilvitlega hluti.

Lagt til að Hagstofa Íslands og ríkisskattstjóri afli upplýsinga um rekstur og afkomu sjávarútvegsfyrirtækja:

# Veiðigjald skili 15 milljörðum króna

**SJÁVARÚTVEGUR** Meirihluti atvinnuveganefndar Alþingis kynnti breytingartillögur sínar við frumvarp um veiðigjald á nefndarfundi í gær. Meirihlutinn leggur til að upphæðin verði lækkuð umtalsvert, um allt að fjórðung, og skili 15 milljörðum króna í ríkissjóð.

Tillögurnar voru ræddar á fundi nefndarinnar en hafa ekki verið afgreiddar. Þær verða aftur teknar til umræðu á fundi nefndarinnar í dag.

Fréttablaðið greindi frá fyrirhuguðum tillögum í síðustu viku og sagði Adolf Guðmundsson, formaður LÍÚ, þá um hugmyndirnar að lækkunin skipti engu máli, áfram væri um að ræða gjaldtöku sem lamaði sjávarútveginn. Hann sagði að hafa bæri í huga að ekki væri „um lækkun að ræða heldur margföldun á því veiðigjaldi sem við þegar greiðum.“

Meirihluti atvinnuveganefndarinnar leggur til að ráðherra geri þjónustusamning við Hagstofu Íslands og embætti Ríkissaksóknara um öflun og úrvinnslu upplýsinga um rekstur og afkomu veiða og vinnslu fyrir veiðigjaldanefnd. „Veiðigjaldanefnd skal viðhafa viðvarandi könnun á því hvort hafa megi öflun upplýsinga og úrvinnslu gagna þannig að sérgreina megi útreikning rentu frekar en gert er ráð fyrir í lögum þessum,“ segir í tillögu meirihlutans. Reynt verði að greina eftir fisktegundum, útgerðarformum eða tegund aflaheimilda. **- kóp**



**Á MIÐUNUM** Atvinnuveganefnd leggur til að veiðileyfagjald verði lækkað umtalsvert. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



**GRÍMSVATNAGOS Í ALGLEYMINGI** Ekki eru öll kurl komin til grafar eftir gosin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kostnaður í 1,5 milljarða:

## Enn bætt við vegna eldgosa

**FJÁRMÁL** Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær 139 milljóna króna aukafjárframlög vegna brýnna verkefna á gossvæðum á Suðurlandi í kjölfar eldgosanna 2010 og 2011.

Fjárveitingar stjórnvalda vegna eldgosanna nema því um 1.424 milljónum króna frá því að eldgosa- og hamfarahrinan hófst í maí árið 2010. Í þeirri fjárhæð er ekki meðtalinn margvíslegur kostnaður stofnana sem fjármagnaður hefur verið af árlegum fjárheimildum þeirra.

Viðbótarframlagið rennur til Landgræðslunnar, Vegagerðarinnar og Skaftárhrepps sem hefur þurft að axla óvænt útgjöld í kjölfar Grímsvatnagossins. **- shá**

Ólöf Nordal vill samráð:

## Sakar stjórnina um yfirgang

**ALÞINGI** Varaformaður Sjálfstæðisflokksins segir nauðsynlegt að stjórnarflokkarnir hafi samráð við stjórnarandstöðuna um lausn á vanda heimilanna. Það sé mun brýnna mál en stjórnarskrármálið, þar sem stjórnvöld hafi sýnt mikinn yfirgang gagnvart löggjafarvaldinu. Þetta kom fram í máli Ólafar Nordal í eldhúsdagsumræðum á Alþingi í gær.

Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, minnti, í ljósi svartagallsraussins á þingi, á að óvíða mældist meiri hagvöxtur en hér. **- sh**



**BROTIÐ OG BRAMLAÐ** Ísold Anna Árnadóttir situr í garðinum þar sem skemmdir hafa verið unnar á garðhúsgögnum og leiktækjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Rústa garði fatlaðra

**Útivistargarður dagheimilis fyrir fatlaða er mikið skemmdur vegna ágangs ungmenna úr Grafarvogi. Tjónið hleypur á tugum þúsunda. Yfirmaður dagheimilisins biður nágranna að reka ungmenni burt sjáist til þeirra í garðinum.**

**SKEMMDARVERK** Garðurinn við Gylfaflöt 17, sem er dagheimili fyrir ungt fatlað fólk, er mikið skemmdur eftir umgang ungmenna um liðna helgi. Starfsfólk dagheimilisins kvartar undan ágangi krakka úr hverfinu sem sækja inn á afgirt svæðið um helgar og skemma.

„Síðustu tvö ár hefur verið svo rosalegur ágangur unglinga úr Grafarvogi um helgar,“ segir Særún Sigurjónsdóttir, yfirþroskaþjálfi á dagheimilinu. „Við erum orðin langþreytt á því hvað þetta er sorglegt. Svona er aðkoman eftir helgina,“ bætir hún við og lítur yfir garðinn sem er í rúst.

Öryggisnet umhverfis trampólín er allt rifið og margbætt eins og dúkurinn á leiktækinu sjálfu. Skjólveggur liggur brotinn á hliðinni og eins blómapottar í garðinum. Moldin úr þeim er á víð og dreif. Þá hefur verið hoppað í matjurtabeðum og plaststólar brotnir í spað.

Á dagheimilið sækir aðallega fólk með einhverfu á aldrinum 16 til 25 ára. Þar er megináhersla lögð á tómstundir og starfrækt listasmiðja.

Særún segir dagheimilið hafa safnað sjálft fyrir efni í garðinn. „Við byggðum hann sjálf og lögðum mikið á okkur til að skapa útivistarreit fyrir okkur.“

Skemmdarverk hafa hins vegar eyðilagt þá vinnu. „Við fengum peningagjafir þegar heimilið átti tíu ára afmæli. Gjafirnar áttu að fara í að kaupa garðhúsgögn og keypt var róla sem fór í spað á einu kvöldi. Restin af peningunum fór í að kaupa öryggismyndavél.“

Lögreglan getur ekkert aðhafst í málinu vegna þess að ungmennin á myndunum eru óþekkjanleg. Þá hefur verið hafið samstarf við skóla í nágrenninu og reynt að hafa upp á skemmdarvörgunum. Það hefur engan árangur borið.

„Einn starfsmaður okkar ók hér hjá á mánudagskvöldið og þá hlupu 15 krakkar í burtu,“ upplýsir Særún. „Okkur langar að koma þessu á framfæri svo það séu fleiri í nágrenninu sem hjálpa okkur að verja þennan griðastað,“ bætir hún við og biðlar til nágranna dagheimilisins að reka ungmennin burt sjáist til þeirra í garðinum.

**birgirh@frettabladid.is**

Vegamálastjóri berorður:

## Vegir að grotna vegna fjárskorts

**SAMGÖNGUR** Hreinn Halldórsson vegamálastjóri segir að mikið vanti upp á að viðhald á vegum hér á landi geti talist viðunandi. Telur hann að ef viðhald verði ekki aukið muni vegakerfið grotna niður.

Þetta kom fram í máli Hreins á fundi Samtaka ferðaþjónustunnar og Vegagerðarinnar. Á fundinum var jafnframt kallað eftir betri samskiptum ráðuneyta er varðar markaðsátakið „Ísland allt árið“, en Vegagerðin hefur ekki gert neinar ráðstafanir um meiri vetrarþjónustu á ferðamannaleiðum og engu fjármagni hefur verið úthlutað til verksins. **- shá**

Skuldir langt umfram hámark:

## Þrjú stærstu skulda of mikið

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Þrjú af fimm stærstu sveitarfélögum landsins uppfylla ekki skilyrði sveitarstjórnarlaga um fjárhagsstöðu. Ekki hefur hins vegar verið útfært hvernig eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga tekur á því máli, að því er fréttastofa RÚV sagði frá í gær.

Reykjavík skuldar 110 prósent af tekjum, en þá er Orkuveita Reykjavíkur ekki talin með. Kópavogur skuldar 244 prósent af tekjum og Hafnarfjörður 259 prósent af tekjum. Akureyri skuldar 140 prósent og er innan marka. Reykjanesbær skuldar hátt í 300 prósent af árstekjum, næstum því tvöfalt það sem lög leyfa. **- shá**

## SAMGÖNGUMÁL

### Vilja breiðari vegi

Tæplega þriðjungur aðspurðra vilja breikka vegi eða tvöfalda akreinar, samkvæmt viðhorfskönnun sem Maskína hefur unnið fyrir Vegagerðina. Um 17% vilja bæta vegina eða slitlagið, um 13% bæta mokstur og 10% auka hálkuvarnir.






Bestu aðstæður fyrir dreifingu frjókorna eru í þurru, hlýju og stilltu veðri:

# Fullkomnar aðstæður fyrir frjókorn

**NÁTTÚRA** Birkifrjó á landinu hafa tekið við sér í góða veðrinu sem ríkt hefur undanfarna daga á Íslandi. Veðrið er mjög hagstætt fyrir dreifingu birkifrjóa og því eðlilegt að þeir sem þjást af frjókornaofnæmi finni fyrir því.

„Magn frjóa nær hámarki síðar í ár heldur en undanfarin ár,“ segir Margrét Hallsdóttir, jarðfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun. Þar er helst um að kenna kuldakastinu í byrjun mánaðarins.

Veðrið undanfarna daga og það sem er spáð næstu daga veitir frjókornum hins vegar fullkomnar aðstæður til að dreifa sér. Hægur vindur, hiti og þurrt loft eru góð skilyrði til þess.

„Birkitrén eru nú loksins tilbúin til að sleppa frjóum. Þau eru á svolítið misjöfnu þroskastigi eftir svæðum. Í Elliðaárdal er lengra síðan að blómin voru tilbúin á birkinu en uppi í Urriðaholti var birkið ekki farið að springa út fyrir viku. Það er þó að byrja núna.“ Margrét segir hitastig hafa mest áhrif á þroska plantnanna.

Um grasfrjóin segir Margrét að þau blómstri síðar. „Yfirleitt byrjar grastíminn ekki fyrr en töluvert er liðið á júní,“ segir Margrét. Fólki með grasofnæmi ráðleggur hún að slá grasið. „Gott er að slá áður en blómin á grasinu ná að springa út og fara að dreifa frjókornum.“ **- bþh**



**HITINN VÆNLEGUR BIRKITRJÁM** Þessir drengir leituðu skjóls frá sterkri sólinni undir birkitrjám í blóma. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



**TOFINO PATIO borð, 4 stólar og sólhlíf**
Garðsett í dökkgráum lit með ljósu netáklæði og sólhlíf.
Borð með hertri glerplötu.
Borð: Ø90 sm. Góð sólhlíf í stíl og 4 fellanlegir stólar.

FULLT VERÐ: 29.990

**14.990**

**50%**

# FRÁBÆRT VERÐ!

Gildir til 03.06.12



SPARIÐ 1.000

FULLT VERÐ: 5.995

**4.995**

**PACIFIC ARMSTÓLL**
Plaststóll með
stillanlegu baki og örmum.



SPARIÐ 3.000

FULLT VERÐ: 9.995

**6.995**

**PRISCA ARMSTÓLL**
Flottur stóll með örmum.
Stóllinn er klæddur með sterku og
endingargóðu polyrattan efni.



33%

FULLT VERÐ: 2.995

**1.995**

**SALERNO ARMSTÓLL**
Léttur og þægilegur stóll með örmum.



SPARIÐ 5.000

FULLT VERÐ: 19.990

**14.990**

**RIMINI SÓLBEKKUR**
Sólbekkur úr áli og með sterku
netáklæði. Stillanlegt bak og á
hjólum. Stærð: B64 x L193 x H84 sm.

**GENGIÐ 29.05.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 129,49 | 130,11 |
| Sterlingspund | 202,96 | 203,94 |
| Evra | 162,12 | 163,02 |
| Dönsk króna | 21,814 | 21,942 |
| Norsk króna | 21,532 | 21,658 |
| Sænsk króna | 18,046 | 18,152 |
| Japanskt jen | 1,6266 | 1,6362 |
| SDR | 196,18 | 197,34 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 225,1433

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Svo margir offitusjúklingar leita til átröskunarteymis Landspítalans að bregðast þarf við:

# Þróa ný úrræði fyrir offitusjúklinga með átröskun

**HEILBRIGÐISMÁL** Sífellt fleiri offitusjúklingar, einkum ungar konur, leita til átröskunarteymis Landspítalans á Hvítabandinu. Nú er svo komið að þróa þarf ný og sérhæfð meðferðarúrræði fyrir þennan hóp.

„Þetta er að aukast mjög mikið og við erum að fara að smíða sérstakt prógramm sem hentar þessum hóp betur,“ segir Estrid Þorvaldsdóttir, ráðgjafi hjá Hvítabandinu. Hún segir erfitt að meta hvort átröskun sem leiðir til offitu sé almennt að aukast eða hvort samfélagsvakning hafi leitt þá sem af henni þjást til átröskunarteymisins frekar en í offitumeðferð. „Við erum að vinna beint með sálræna þáttinn – því að þetta hefur ekki bara með matinn að gera.“



**ESTRID ÞORVALDSDÓTTIR**



**INGA LIND KARLSDÓTTIR**

Sigurlaug María Jónsdóttir, sálfræðingur hjá Hvítabandinu tekur undir þetta. „Offita er líkamlegur sjúkdómur á meðan átröskun er geðsjúkdómur og við höfum ekki verið að taka þetta fólk mikið til meðferðar fyrr en nýlega.“

Inga Lind Karlsdóttir hefur kannað offituvandann á Íslandi og í kvöld hefur Stöð 2 sýningar á þáttaröð hennar um málið, sem nefnist Stóra þjóðin. Hún segir að þar muni koma ljóslega fram að Íslendingar geri ekki nóg til að stemma stigu við vandanum.

„Bandaríkjamenn eru í öllu verri málum en við – en við erum samt að stefna á algjörlega sömu mið. Í hundrað ár er búið að eyða milljörðum bandaríkjadala í að segja þeirri þjóð að hreyfa sig meira og borða minna en í hundrað ár hefur sú þjóð þyngst jafnt og þétt, meira og meira. Það sama er að gerast hér og það er augljóst að við erum að gera eitthvað vitlaust,“ segir Inga Lind. **- sh**

Almannavarnir styrkja sig:

## Geta varað við hættu með sms

**ÖRYGGISMÁL Almannavarnir hafa nú úr að spila nýjum kosti til að vara íbúa og ferðamenn við yfirvofandi hættu. Viðvörunarkerfi sem getur sent neyðarskilaboð (sms) í farsíma hefur verið þróað til notkunar fyrir almannavarnir.**

**Kerfið virkar með þeim hætti að hægt er að senda boð um yfirvofandi hættu í farsíma til íbúa og ferðamanna á ákveðnum svæðum svo fremi að þar sé farsímasamband. Neyðarlínan getur kallað fram alla farsíma, erlenda og innlenda, sem eru innan þjónustusvæðis símafyrirtækjanna á því svæði og sent neyðarskilaboð. - shá**



**AUNG SAN SUU KYI** Kom til Taílands í gær.
NORDICPHOTOS/AFP

Suu Kyi komin í heimsferð:

## Fær loks afhent Nóbelsverðlaun

**TAÍLAND, AP** Aung San Suu Kyi, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Búrma, er lögð af stað í heimsreisu. Hún hefur verið í stofufangelsi meira og minna í tvo áratugi.

Í næsta mánuði fer hún meðal annars til Noregs þar sem hún tekur loks formlega á móti friðarverðlaunum Nóbels sem henni voru veitt árið 1991.

Hún kom til Taílands í gær, verður þar í nokkra daga, fer síðan aftur til Búrma en heldur svo af stað til Evrópu og kemur þá meðal annars við í Genf, London og Ósló. **- gb**

# Erlendar konur fara frekar aftur heim

**Konur sem koma frá löndum utan EES eru líklegri til þess að snúa aftur í ofbeldissambönd eftir dvöl í Kvennaathvarfinu en aðrar. Þær eiga flestar íslenskan maka og eru margar hræddar um að missa dvalarleyfi hér á landi.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Konur sem koma frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) snúa frekar aftur í ofbeldissambönd en aðrar konur sem dvelja í Kvennaathvarfinu. Meirihluti þeirra á íslenskan maka. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn athvarfsins.

43 prósent kvenna utan EES sem eiga íslenskan maka snúa aftur heim, en 25 prósent annarra kvenna. „Í mörgum tilvikum eru þær hræddar um dvalarleyfið sitt og þær eru kannski með börn með sér sem þær rifu upp með rótum og í sumum tilvikum er erfitt fyrir börnin að fara aftur í skólakerfið í upprunalandinu. Þær eru að hugsa um börnin og reyna að láta sig hafa það að fara aftur heim,“ segir Hildur Guðmundsdóttir, mannfræðingur og vaktstýra í Kvennaathvarfinu, sem framkvæmdi rannsóknina. Hún segir jafnframt að í mörgum tilvikum sé félagsleg staða þessara kvenna ekki eins sterk og annarra erlendra kvenna. Þær komi einar til Íslands og þekki jafnvel bara manninn sinn.

Konur sem koma frá löndum innan EES eru í sambærilegri stöðu á Íslandi og íslenskar konur að mörgu leyti. Þær þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að missa dvalarleyfi, sem sumar af konunum utan EES þurfa að gera.

Talsverður munur er á konum sem koma frá löndum utan EES og innan þess. Rúmlega sjötíu prósent kvenna frá löndum innan EES áttu maka af sama uppruna. Sextán prósent þeirra áttu íslenskan maka. Hins vegar áttu sextíu prósent kvenna utan EES svæðisins íslenskan maka, en 21 prósent maka af sama uppruna.

Meirihluti þeirra erlendu kvenna sem dvelja í Kvennaathvarfinu fer þó ekki aftur heim til sín í óbreytt ástand að lokinni veru þar. 51 prósent þeirra fór í nýjar aðstæður og fjórtán prósent heim til sín í breyttar aðstæður. 32 prósent þeirra fóru heim í óbreytt ástand. Ekki er vitað hvert átta prósent þeirra fóru.

Til samanburðar fóru 26 prósent íslenskra kvenna sem komu í Kvennaathvarfið á sama tímabili aftur heim til sín.

Rannsóknin fór þannig fram að gögnum var safnað um allar erlendar konur sem dvöldu í Kvennaathvarfinu frá 24. september 2007 og til 31. desember 2011. 130 erlendar konur voru í úrtakinu, 57 frá löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) eða 44 prósent, en 73 frá löndum utan EES eða 56 prósent.

**thorunn@frettabladid.is**



**ÚR KVENNAATHVARFINU** 130 erlendar konur voru rannsakaðar, en þær komu í athvarfið á árunum 2007 til 2011.

### Hræddar við að missa dvalarleyfin

„Konur innan EES sem koma til dvalar í Kvennaathvarfið eiga yfirleitt ekki í vandræðum með dvalar- og atvinnuleyfi á Íslandi vegna samnings um frjálst flæði vinnuafls innan EES. Um ríkisborgara frá löndum utan EES gilda aðrar reglur. Konur frá þessum löndum sem leita í athvarfið eru margar hverjar með dvalar- og atvinnuleyfi á forsendum fjölskyldusameiningar sem makar íslenskra ríkisborgara eða annarra karla með búsetuleyfi á Íslandi,“ segir í skýrslunni. Fjöldi þessara kvenna hafði áhyggjur af því að missa dvalar- og atvinnuleyfi sitt hér á landi. Nokkrar þeirra fóru heim í óbreytt ástand einungis vegna ótta við að missa dvalarleyfið.



**FRÁ ESKIFIRÐI** 42 metra hár reykháfur mun setja svip sinn á bæinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bræðslu bylt á Eskifirði:

## Eskja rafvæðir verksmiðjuna

**SJÁVARÚTVEGUR** Eskja hf. á Eskifirði hefur ákveðið að rafvæða fiskimjölsverksmiðjuna á staðnum og hefjast framkvæmdir í sumar. Gert er ráð fyrir að verksmiðjan verði tilbúin fyrir lok ársins. Félagið mun einnig stórbæta mengunarvarnir verksmiðjunnar og hefur fengið samþykki fyrir því að reisa 42 metra háan reykháf á lóð félagsins.

Á heimasíðu fyrirtækisins segir að eftir framkvæmdirnar brenni verksmiðjan engri olíu og verði ein af fullkomnustu og umhverfisvænustu verksmiðjum við Norður-Atlantshaf. **- shá**

Kjarnorkuslysið í Fukushima:

## Geislavirkt efni finnst í túnfiski

**BANDARÍKIN Geislun frá kjarnorkuverinu í Fukushima fannst nýlega í túnfiski við strendur Kaliforníu. Þetta kom fram í rannsókn sem birt var í fyrradag.**

**Þó magn geislavirkra efna í fiskinum sé undir þeim mörkum sem almennt eru talin hættuleg er það þó tíu sinnum hærra en venjulegt er á þessum slóðum. Niðurstaða rannsóknarinnar er ótvíræð, kjarnorkuverið í Fukushima er orsökin og fiskarnir virðast því hafa borið geislavirku efnin yfir allt Kyrrahafið. - bbi**




**Aukin þekking – góð fjárfesting til framtíðar**

Kynntu þér viðskiptafræði með vinnu í Háskóla Íslands.

**Kynningarfundur fimmtudaginn 31. maí kl. 16:00 í stofu 102 Gimli**

www.vmv.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**VÖKVA?**
Nú lítur út fyrir þurrviðri og sól næstu daga. Þá þarf að huga að gróðri og jafnvel vökva. Einnig má búast við að magn frjókorna geti orðið talsvert í þessum þurrviðrakafla sem gæti náð fram yfir helgi.



**Á MORGUN**
Víða hægur vindur en heldur ákveðnari með S-ströndinni.

**FÖSTUDAGUR**
Hægur breytileg átt eða hafgola.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 27° |
| Berlín | 17° |
| Billund | 13° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 22° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 27° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 16° |
| París | 25° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 14° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN

**Okkar markmið er að gera góða þjónustu betri**

Viðskiptavinir Íslandsbanka eru ánægðustu viðskiptavinir fjármálafyrirtækja samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni 2011.

Við erum stolt af þessum árangri sem er okkur mikil hvatning til að halda áfram á þeirri braut að gera góða þjónustu á öllum sviðum enn betri.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

**KJÖRKASSINN**




*Finnst þér réttlátt að bankar rukki efnaminni viðskiptavini um sérstakt gjald fyrir viðskipti?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 10,4% |
| NEI | 89,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú sótt tónlistarviðburð í Hörpu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Vitni segja hrottasveitir, sem styðja Assad Sýrlandsforseta, hafa myrt flesta sem létust í Houla:

# Vesturlönd reka sendiherra Sýrlands heim

**SÝRLAND, AP** Flest Vesturlönd ráku í gær sendiherra Sýrlands og aðra háttsetta stjórnarerindreka heim vegna blóðbaðsins í Houla á föstudag og viðbragðaleysis Sýrlandsstjórnar.

Íbúar í Houla segja að flestir þeirra, sem létu lífið á föstudag, hafi fallið fyrir hendi hrottasveita, sem styðja Bashir al Assad Sýrlandsforseta. Uppreisnarmenn í Houla segja að stjórnarherinn hafi varpað sprengjum eftir að efnt var þar til mótmæla gegn stjórninni. Í framhaldi af því hafi sveitir málaliða, sem stjórnin hefur oft fengið til liðs við sig, farið með ofbeldi um svæðið, gengið hús úr húsi og skotið á fólk eða stungið það með hnífum.

„Eins og er virðist sem heilu fjölskyldurnar hafi verið skotnar á heimilum sínum,“ segir Rupert Colville, talsmaður Mannréttindastofnunar Sameinuðu þjóðanna. „Ekki fer á milli mála að viðbjóðslegir atburðir áttu sér stað í Houla, og að minnsta kosti stór partur þeirra fólst í skyndiaftökum almennra borgara, kvenna og barna.“ Sendiherrar Sýrlands og aðrir háttsettir stjórnarerindrekar hafa nú verið reknir heim frá fjölmörgum ríkjum, að minnsta kosti Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Ítalíu, Spáni, Kanada og Ástralíu. Austurríkisstjórn sagðist ekki geta rekið sýrlenska sendiherrann þar í landi heim vegna þess að hann sé jafnframt sendiherra Sýrlands hjá Sameinuðu þjóðunum í Genf. Hins vegar var hann kallaður á fund stjórnvalda, sem þannig komu á framfæri mótmælum. **- gb**



**LÖGÐ Í FJÖLDAGRÖF** Á mánudag voru fórnarlömb fjöldamorðanna í Houla jörðuð. NORDICPHOTOS/AFP




**MBA kynningarfundur**
**30. maí kl. 16:00 í stofu 101 á Háskólatorgi**

**MBA-námið í Háskóla Íslands:**

- Eflir persónulega færni og leiðtogahæfileika á sviði rekstrar og stjórnunar
- Byggir á mikilli reynslu og tengslum við íslenskt atvinnulíf
- Ýtir undir frumkvæði, færni og forystueiginleika nemenda

Námið er tveggja ára metnaðarfullt meistaranám fyrir stjórnendur og er skipulagt samhliða starfi. Að öllu jöfnu er kennt á föstudögum og laugardögum aðra hvora helgi. **Umsóknarfrestur er 5. júní.**

**Skoraðu á þig og taktu skrefið**

**www.mba.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD




**EYÐILEGGING Í MIRANDOLA** Hús hrundu í bænum Mirandola á Norður-Ítalíu í jarðskjálftanum. Talið er að fimmtán manns hafi látist í skjálftanum en auk Mirandola urðu bæirnir Medolla og Cavezzo verst úti. Skjálftinn fannst einnig í Mílanó og Bologna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# 14 þúsund án heimilis eftir skjálftana

**Fimmtán létu lífið í jarðskjálfta á Norður-Ítalíu í gærmorgun. Skjálftinn var á svipuðum stað og annar skjálfti fyrir tíu dögum. Fjöldi heimilislausra hefur farið úr sjö þúsundum eftir fyrri skjálftann í fjórtán þúsund eftir þann seinni.**

**ÍTALÍA, AP** Minnst fimmtán eru látnir eftir að jarðskjálfti upp á 5,8 á Richter reið yfir norðurhluta Ítalíu í gærmorgun. Fjölda eftirskjálfta varð vart fram til hádegis. Verksmiðjur og kirkjur voru meðal þeirra bygginga sem hrundu til grunna, en margar þeirra höfðu skemmst í jarðskjálftanum sem þar reið yfir níu dögum fyrr.

Fjöldi þeirra sem er saknað eftir skjálftann var ekki alveg ljós í gærkvöldi en að minnsta kosti fimm var saknað. Því getur verið að fleiri en fimmtán hafi látist. Að auki eru um 100 slasaðir. Leitað var að fórnarlömbum í allan gærdag. Jarðskjálftinn varð rétt eftir klukkan níu í gærmorgun og átti upptök sín um fjörutíu kílómetra norðvestur af Bologna, nokkrum kílómetrum frá þeim stað sem jarðskjálftinn þann 20. maí varð.

Mario Monti, forsætisráðherra landsins, sagði á blaðamannafundi í gær að ríkisstjórnin myndi gera allt sem hægt væri á sem skemmstum tíma til að tryggja að líf fólksins á svæðinu kæmist í fastar skorður á ný. Svæðið væri sérstakt, mikilvægt og afkastamikið. Monti var á fundi til að ræða viðbrögð við fyrri skjálftanum þegar skjálftinn í gær reið yfir.

Um sjö þúsund manns misstu heimili sín í skjálftanum þann 20. maí og hafa búið í bráðabirgðahúsnæði, tjöldum og bílum síðan þá. Ítölsk stjórnvöld segja að fjöldi heimilislausra hafi hækkað í fjórtán þúsund eftir skjálftann í gær. Bæirnir Mirandola, Medolla og Cavezzo eru næstir upptökum skjálftans en hann fannst einnig í Mílanó og Bologna. Þá fannst hann í Feneyjum og við landamærin að Austurríki.

Fjórir létust í Mirandola, þar af tveir sem voru inni í verksmiðju sem hrundi. Þrír létust í Sanfelice og tveir í Cavezzo hið minnsta. Þrír létust inni í verksmiðju sem var opnuð á nýjan leik á mánudaginn, en hafði verið lokuð frá fyrri skjálftanum. Þá herma fregnir að prestur í Rovereto di Novi hafi látið lífið eftir að hann sneri aftur inn í kirkju sína til að bjarga styttu af Maríu mey.

**thorunn@frettabladid.is**





ÞAÐ ÞARF FÓLK
TIL AÐ VÍSA VEGINN

# LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI

**STAÐNÁM – FJARNÁM**
**KYNNINGARFUNDUR 30. MAÍ**
**UMSÓKNARFRESTUR TIL 4. JÚNÍ**

Nánari upplýsingar: sími 525 4444 endurmenntun.is


Ákærður fyrir tilraun til manndráps þegar málið var þingfest í héraðsdómi í gær:

# Skúli hlaut fjögur lífshættuleg sár

**DÓMSMÁL** Guðgeir Guðmundsson hefur verið ákærður fyrir tilraun til manndráps. Guðgeir veittist að Skúla Eggerts Sigurz á lögmannsstofunni Lagastoðum í Lágmúla þann 5. mars. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Skúli hlaut fimm stungusár í árásinni, fjögur lífshættuleg ein og sér. Krafist er að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í ákæru er tekið fram að í framhaldi af árásinni og á meðan gert var að sárum hans hafi þurft að gefa honum 50 lítra af blóði og að fjarlægja hafi þurft annað nýrað og gallblöðru. Önnur líffæri eru einnig illa farin eftir árásina.

Þá er Guðgeir ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás þegar hann veittist að Guðna Bergssyni, starfsmanni á lögmannsstofunni, sem ætlaði að koma Skúla til hjálpar. Guðgeir stakk Guðna tvisvar í vinstra lærið.

Guðgeir sat þögull á meðan ákæran var lesin. Verjandi hans bað um frest til að taka afstöðu til ákærunnar. Önnur fyrirtaka málsins verður á morgun. **- bþh**



**Í JÁRNUM** Guðgeir sagði fátt þegar ákæra á hendur honum var lesin í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

5 ÁRA
ÁBYRGÐ
VEGAAÐSTOÐ
GÆÐASKOÐUN
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

## HANN ER KOMINN TIL LANDSINS

# Santa Fe METAN

## SKELLTU ÞÉR Í REYNSLUAKSTUR Í DAG!

### AF HVERJU METAN?

Bílar með metanbúnaði menga minna, eldsneytiskostnaður lækkar, árleg bifreiðagjöld eru lægri og aðflutningsgjöld lækka verulega.

### VIÐURKENNDUR METANBÚNAÐUR

Metanbúnaðurinn í Santa Fe er sérstaklega hannaður og prófaður fyrir Santa Fe og því er útkoman eins og best verður á kosið.

### 5 ÁRA ÁBYRGÐ

Öllum nýjum Hyundai bílum fylgir nú 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur út ábyrgðartímabilið. Þú sinnir einungis reglubundnu eftirliti og bíllinn er í ábyrgð til ársins 2017.

**Hyundai Santa Fe**
**Verð 6.390 þús. kr.**





Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur

**KYNNTU ÞÉR 5 ÁRA ÁBYRGÐINA**

Sölumenn okkar hafa alltaf tíma til að setjast niður með þér yfir rjúkandi bolla. Líttu inn í kaffi og fáðu allar upplýsingar um þau fríðindi sem fylgja Hyundai 5 ára ábyrgðinni.

B|L

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilstöðum / 470 5070

**BL** Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

ENNEMM / SÍA / NM52541

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Í hvaða bæ í Sýrlandi voru framin fjöldamorð á föstudag?*
2. *Hverjir skoruðu mörk Íslands í vináttuleik gegn Frakklandi?*
3. *Hvaða hljómsveit frá Hafnarfirði hyggur á endurkomu í sumar?*

**SVÖR:**

1. Houla 2. Birkir Bjarnason og Kolbeinn Sigþórsson 3. Botnleðja

Engar athugasemdir við meðmælalista annarra forsetaframbjóðenda en Ástþórs Magnússonar:

# Ástþór andvaka yfir framboði í uppnámi

**KOSNINGAR** Jóhannes Tómasson, upplýsingafulltrúi hjá innanríkisráðuneytinu, segir Ástþór Magnússon ekki hafa gert athugasemdir við tiltekna lista annarra frambjóðenda til embættis forseta. Hann hafi ekki tilgreint athugasemd sína nánar en að hann sæi á meðmælendalistum annarra frambjóðenda sömu rithönd.

Ástþór Magnússon lét færa til bókar athugasemdir við meðmælalista annarra frambjóðenda á fundi í innanríkisráðuneytinu á laugardag.

Ástþór vill ekki gefa upp hvaða listar það hafi verið sem annmarkar voru á að hans mati. „Þetta var bara lausleg yfirferð. Þetta er þó nokkuð augljóst á lista eins frambjóðanda úr einu kjördæmi,“ segir Ástþór. „Það er ekki mitt að fara yfir listana. Ég hef engin tæki eða kunnáttu til að meta undirskriftirnar. Kjörstjórnin er að votta listana án þess að fara nógu vel yfir þá.“



**ÁSTÞÓR MAGNÚSSON**

Ástþór gerir einnig athugasemd við að kjörstjórnin hafi legið á listum í meira en mánuð eftir að þeim var skilað. Fleiri einstaklingar hafi undirbúið listana áður en þeim var skilað til kjörstjórnar.

Samkvæmt upplýsingum frá yfirkjörstjórn voru allir listarnir vottaðir án fyrirvara nema listi Ástþórs úr Norðausturkjördæmi. Engar athugasemdir voru gerðar við lista annarra frambjóðenda. Einn hefur kært meinta undirskriftafölsun á lista Ástþórs í Norðausturkjördæmi til lögreglu. Við undirskriftarfölsunum liggja viðurlög í almennum hegningarlögum. Setur þetta ekki framboð Ástþórs í uppnám? „Að sjálfsögðu gerir það það. Ég er andvaka yfir þessu,“ segir hann.

Um þá rannsókn sem ráðuneytið rekur nú segir Jóhannes: „Ráðuneytið gerir almenna athugun á framboðsgögnum forsetaframbjóðenda. Í rauninni er þetta almenn skoðun á vottunum frá kjörstjórnum.“

Auglýst verður á morgun hverjir verða í framboði til forseta. - bþh



**ÆFING** Eldsneyti sett á þyrlu frá varðskipi. MYND/SÆVAR MÁR MAGNÚSSON

Landhelgisgæslan æfir:

## Settu eldsneyti á þyrlu á flugi

**ÖRYGGISMÁL** Varðskipið Þór hefur að undanförnu verið við eftirlits- og löggæslustörf, en einnig hefur áhöfnin verið við æfingar. Þá var skipt um öldumælisdufl undan Straumnesi.

Æfð var notkun þyrlueldsneytisbúnaðar þar sem í fyrsta sinn var þyrlueldsneyti dælt á þyrluna TF-LIF meðan hún var á lofti yfir varðskipinu Þór. Slíkur búnaður er einnig um borð í varðskipunum Ægi og Tý og er afar mikilvægt að geta veitt þyrlum LHG eldsneyti þegar staðið er í aðgerðum á hafi úti og langt fyrir þyrlu að fara til eldsneytistöku. Gekk æfingin í alla staði vel og búnaðurinn reyndist vel. - shá

**VEÐUR**

**Yfir 20 stiga hiti á Hvanneyri**

Hiti fór yfir 20 stig á Hvanneyri, í Húsafelli og á Mýrum í gær. Á Þingvöllum fór hitinn í 17,5 gráður en í Reykjavík fór hann hæst í 14,3 gráður. Á hálendinu var veður líka með miklum ágætum. Þannig mældist um 16 stiga hiti á Auðkúluheiði.

# Glitnir stefnir tugum og vill tuttugu milljarða króna

**Um 20 riftunarmál Glitnis gegn ýmsum innlendum og erlendum aðilum hafa verið þingfest. Formaður slitastjórnar segir þrotabúið vera að tryggja jafnræði kröfuhafa. Vill um 20 milljarða vegna riftanlegra gerninga.**

**VIÐSKIPTI** Slitastjórn Glitnis hefur höfðað tæplega 20 riftunarmál vegna gerninga sem áttu sér stað síðustu sex mánuðina áður en bankinn féll í október 2008. Sumir þeirra voru framkvæmdir rétt áður en að Glitnir fór í þrot. Málin, sem snúast um 20 milljarða króna, voru öll þingfest 24. maí síðastliðinn. Flest málin eru höfðuð gegn innlendum og erlendum fjármálastofnunum.

Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, segir málin snúast um að endurheimta greiðslur sem þrotabú bankans telur að hafi mismunað kröfuhöfum. „Riftunarreglur eru hlutlægar og eiga að tryggja jafnræði. Með þessum málshöfðunum er verið að leiðrétta ef einhver hefur fengið greiðslur sem voru til dæmis ekki á gjalddaga stuttu fyrir gjaldþrot bankans, sem undir eðlilegum kringumstæðum gætu verið eðlilegar greiðslur, þá er verið að vinda ofan af þeim.

Það er verið að tryggja jafnræði kröfuhafa með því að höfða riftunarmál. Það er verið að tryggja að allir kröfuhafar sem eru í sama flokki fái sömu úthlutun og sitji við sama borð. Í þessum tilvikum er aðallega verið að höfða mál gegn íslenskum og erlendum fjármálastofnunum. Það eru engir einstaklingar í þessum hópi, en við höfum áður höfðað mál gegn einstaklingum.“

Málin eru höfðuð á grundvelli lagabreytingar sem var samþykkt á Alþingi í október 2011. Þar var slitastjórnum föllnu bankanna gert kleift að höfða riftunarmál gegn einstaklingum eða fyrirtækjum hérlendis þrátt fyrir að viðkomandi eigi lögheimili, og þar af leiðandi varnarþing, í öðru landi. Samhliða þessari lagabreytingu var frestur slitastjórnanna til að höfða riftunarmál lengdur úr 24 mánuðum í 30 mánuði frá því að kröfulýsingarfrestur rann út.

Lagabreytingin síðasta haust kom í kjölfar þess að slitastjórn Landsbankans tapaði máli gegn spænskum banka, Banco del Gottardo S.A., sem hafði keypt skuldabréf af Landsbankanum í ársbyrjun 2007 á eina milljón evra, um 163 milljónir króna á virði dagsins í dag. Bréfið var á gjalddaga 29. desember 2008 en fjórum dögum áður en Landsbankinn féll, þann 3. október 2008, keypti bankinn skuldabréfið til baka á nánast sömu upphæð. Þessum gerningi vildi slitastjórnin rifta vegna þess að bréfið var ekki komið á gjalddaga. Nýr eigandi spænska bankans hafnaði þeirri kröfu og krafðist frávísunar þar sem hann ætti ekki varnarþing á Íslandi. Íslenskir dómstólar voru sammála þeirri túlkun.

thordur@frettabladid.is



**SLITASTJÓRNIR** Þrotabú stóru bankanna munu halda kröfuhafafundi á næstunni. Á myndinni eru Steinunn Guðbjartsdóttir og Páll Eiríksson. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Landsbankinn búinn að höfða tugi mála

Þrotabú Landsbankans var búið að koma einhverjum tugum riftunarmála í gang áður en að málshöfðunarfrestur rann út fyrir skemmstu, að sögn Páls Benediktssonar upplýsingafulltrúa þess. Páll segir að gerð verði grein fyrir þeim málum á kröfuhafafundi sem haldinn verður næstkomandi fimmtudag, þann 31. maí. Slitastjórnin vill ekki tjá sig nánar um málin fyrr en að þeim fundi loknum.

Feldís Lilja Óskarsdóttir, hjá slitastjórn Kaupþings, segir að riftunarfrestur renni ekki út hjá honum fyrr en í lok júní. Hún vildi ekki svara því hvort búið væri að höfða riftunarmál en benti á að bankinn væri með kröfuhafafund á fimmtudag þar sem starfsemi slitastjórnarinnar yrði kynnt fyrir kröfuhöfum.

Í skýrslu sem slitastjórn Kaupþings kynnti fyrir kröfuhöfum sínum í desember síðastliðnum stóð að „rannsóknir slitastjórnar eru á lokastigi og hafa nú þegar verið sendar allmargar riftunartilkynningar vegna annarra mála og er þess að vænta að fyrstu riftunarmál verði höfðuð síðar í þessum mánuði [desember 2011]“.






**MÓTMÆLI Á TAHRIR-TORGI** Ungmenni mótmæltu úrslitum fyrri umferðar forsetakosninganna. NORDICPHOTOS/AFP

Forsetaefni íslamista:

## Lofar kristnum og konum góðu

**EGYPTALAND, AP** Mohammed Morsi, forsetaefni Bræðralags múslíma í Egyptalandi, lofaði í gær öllu fögru og hét því meðal annars að tryggja réttindi kvenna og kristinna manna, sem hafa haft áhyggjur af því að strangtrúaðir múslímar geri þeim lífið leitt, komist hann til valda í seinni umferð forsetakosninganna í næsta mánuði.

„Konur hafa rétt til að klæðast eins og þeim hentar,“ sagði Morsi meðal annars í gær, en kvöldið áður hafði verið ráðist á og kveikt í kosningaskrifstofu hans í Kaíró. - gb

SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ



# VIÐURKENNDUR BÓKARI

## NÚ Í FYRSTA SINN HJÁ ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

**Á HÁSKÓLASTIGI**

**METIÐ TIL ECTS EININGA**

**NÁMSKEIÐ Í NÁMSTÆKNI INNIFALIÐ**

**UPPTÖKUR ÚR KENNSLUSTUNDUM Á NÁMSVEF**

**Verð: 165.000 krónur**

Umsóknarfrestur til 25. júní

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar:

sími 525 4444
endurmenntun.is

# Ábyrgð stjórnenda og endurskoðenda á ársreikningum fyrirtækja

Morgunverðarfundur föstudaginn 1. júní.
Fundurinn hefst kl. 8:30 og er haldinn í húsakynnum PwC í Skógarhlíð 12.

*Skráning á heimasíðu PwC www.pwc.is/ morgunverdarfundur*

pwc

- ***Óttar Pálsson hrl. hjá Logos lögmannsþjónustu*** fjallar um þau lög og reglur sem gilda um ábyrgð stjórnenda og endurskoðenda
- ***Vignir Rafn Gíslason löggiltur endurskoðandi hjá PwC*** mun fjalla um hlutverk og stöðu endurskoðenda á Íslandi
- ***María Sólbergsdóttir framkvæmdastjóri hjá Auði Capital*** mun koma með sjónarmið stjórnandans á hlutverk endurskoðandans
- ***Rune Lædre endurskoðandi hjá PwC í Noregi*** mun fjalla um reynslu endurskoðenda í Noregi

PwC á Íslandi er framsækið og taust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem skilgreinir sig sem þekkingarfyrirtæki sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.




**GUNNAR HELGI KRISTINSSON** Á meðal niðurstaðna í rannsókn Gunnars Helga og Indriða H. Indriðasonar var að meðlimum í íslensku flokkunum hefði fjölgað vegna prófkjara.

Rannsókn á áhrifum prófkjara á íslensk stjórnmál:

# Prófkjör stuðlað að opnari flokkum

**STJÓRNMÁL** Prófkjör í íslenskum stjórnmálaflokkum hafa stuðlað að opnari og fjölmennari stjórnmálaflokkum en ella. Þá virðast þau hafa ofurlítil jákvæð áhrif á gengi flokka þó þau áhrif hverfi notist allir flokkar við þau.

Þetta var meðal þess sem fram kom í erindi Gunnars Helga Kristinssonar, prófessors í stjórnmálafræði, á fundi Félags frjálslyndra jafnaðarmanna á Kaffi Sóloni í gær. Í erindinu fjallaði Gunnar Helgi um niðurstöður rannsókna sem hann og Indriði H. Indriðason, prófessor í stjórnmálafræði, hafa gert á áhrifum prófkjara á íslensk stjórnmál.

„Ef að spurningin er sú hvort prófkjör eru vandi íslensku flokkanna þá held ég að svarið sé tvímælalaust nei. Það skiptir hins vegar máli hvernig þau eru útfærð og þá sérstaklega að skapa einhverja fjárhagslega ramma utan um þau þannig að menn geti ekki keypt sér sæti,“ sagði Gunnar.

Í rannsókn þeirra Gunnars Helga og Indriða var gerð tilraun til að svara fimm spurningum um áhrif prófkjara. Skoðuðu þeir meðal annars áhrif þeirra á fjölda meðlima í stjórnmálaflokkum og á samheldni innan þeirra.

> Ef að spurningin er sú hvort prófkjör eru vandi íslensku flokkanna þá held ég að svarið sé tvímælalaust nei.
>
> **GUNNAR HELGI KRISTINSSON**
> PRÓFESSOR Í STJÓRNMÁLAFRÆÐI VIÐ HÍ

Meðal helstu niðurstaðna var að útgjöld frambjóðenda bæta gengi þeirra. Eyði hins vegar allir jafn miklu hverfa áhrifin. Þá hefur meðlimum í íslensku flokkunum fjölgað verulega vegna prófkjara en þau hafa einnig gert það að verkum að mikill minnihluti er virkur í flokksstarfi.

Prófkjör hafa á síðustu árum verið gagnrýnd nokkuð, meðal annars á þeim forsendum að þau hindri framgang kvenna í stjórnmálum og stuðli að sundrungu innan flokka. Rannsóknir þeirra Gunnars og Indriða fundu hins vegar ekki vísbendingar um áhrif sem þessi og kom meðal annars í ljós að samheldni í íslensku stjórnmálum væri mest í þeim flokkum sem hafa notast mest við prófkjör. **- mþl**





SJÓNVARPSSTÖÐIN **ID: INVESTIGATION DISCOVERY** ER EINGÖNGU Í BOÐI Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á **WWW.STOD2.IS**

www.volkswagen.is




Volkswagen Passat EcoFuel

**Metanlegur sparnaður**

Eldsneytiskostnaður Volkswagen Passat á hverja 1000 km*

Metan 8.442 kr.
Dísil 13.484 kr.
Bensín 18.158 kr.

* Miðast við almennt verð á eldsneyti hjá Olís 8. maí 2012

Das Auto.

**Komdu og reynsluaktu Volkswagen Passat**

**Reynslan er góð!**
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

Vísar kvörtun Nova frá:

## Síminn fór ekki með rangt verð

**NEYTENDUR** Síminn fór ekki rangt með mánaðarverð fyrir ADSL-þjónustuleið sína í auglýsingum, að mati Neytendastofu. Nova kvartaði til stofnunarinnar vegna auglýsinganna og taldi þær villandi þar sem ekki væri greint frá ýmsum kostnaðarliðum eins og til dæmis stofngjaldi.

Að mati Neytendastofu gætu neytendur ýmist komist hjá því að greiða kostnaðarliðina eða keypt búnað af öðrum en Símanum. Þá hefði fyrirtækið gert upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu sinni. - sv

Sómalskir bræður grunaðir um að undirbúa hryðjuverk í Danmörku:

# Voru í þjálfun hjá hryðjuverkamönnum

**DANMÖRK** Dönsku leyniþjónustuna, PET, grunar að 25 til 40 múslímar búsettir í Danmörku hafi verið í þjálfunarbúðum hryðjuverkamanna. PET hafði um langt skeið fylgst með bræðrunum tveimur frá Sómalíu sem handteknir voru á mánudagskvöld vegna gruns um að hafa undirbúið hryðjuverk í Danmörku eða í öðru landi.

Bræðurnir, sem eru 18 og 23 ára og danskir ríkisborgarar, voru í gær úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 25. júní. Sá eldri, sem var handtekinn við komuna til Danmerkur eftir dvöl erlendis, er grunaður um að hafa verið í þjálfunarbúðum hryðjuverkasamtakanna Al Shabaab í Sómalíu frá 18. janúar til 21. febrúar, að því er greint er frá á vef Jyllands-Posten.

Það er mat PET að með handtöku bræðranna, sem búið hafa í Danmörku í 16 ár, hafi verið komið í veg fyrir hryðjuverk. Yngri bróðirinn var handtekinn á heimili sínu en bræðurnir eru báðir búsettir nálægt Árósum.

Ali Nuur, stjórnmálamaður í Árósum sem er af sómölskum uppruna, varaði fyrir tveimur árum við því að ungir sómalskir drengir búsettir í Danmörku myndu ganga í fótspor róttækra Sómala og fremja hryðjuverk í Danmörku. - ibs



**Í ÁRÓSUM** Bræðurnir sem grunaðir eru um undirbúning hryðjuverks eru búsettir nálægt Árósum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORGILS



**NEYTENDUR** Bjartsýni hefur aukist meðal neytenda síðustu misseri. Meirihluti er þó enn svartsýnn á efnahagsástandið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Enn eru flestir svartsýnir:

## Væntingavísitalan á uppleið

**EFNAHAGSMÁL Íslenskir neytendur voru nokkru bjartsýnni á horfur í efnahagsmálum í maí en á sama tíma í fyrra. Þetta leiðir væntingavísitala Gallup í ljós en hún hækkaði um tvö stig í mánuðinum og mælist nú 73,3 stig. Til samanburðar stóð vísitalan í 66,3 stigum í maí í fyrra.**

**Capacent Gallup mælir væntingar neytenda einu sinni í mánuði. Þegar vísitalan er undir 100 stigum eru fleiri neikvæðir en jákvæðir en hún hefur verið undir 100 stigum frá því í febrúar 2008. Alls voru 57,6 prósent svarenda í maí neikvæðir á núverandi ástand í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar en 5,8 prósent jákvæðir.** - mþl



**GÓÐGERÐARHREYFING** Krakkarnir í Laugarnesskóla hlupu um Laugardalinn til stuðnings starfi UNICEF. Á sjötta þúsund íslenskra barna taka þátt í UNICEF-hreyfingunni í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Metþáttaka hjá UNICEF:

## Hlaupa fyrir bágstadda jafnaldra sína

**HJÁLPARSTARF** Rúmlega fimm þúsund íslensk grunnskólabörn styðja bágstödd börn um allan heim í verki með þátttöku í UNICEF-hreyfingunni sem fer fram um allt land þessa dagana.

Verkefnið er árlegt og felst í því að börn í íslenskum skólum fræðast um aðstæður og daglegar áskoranir barna í öðrum heimshlutum. Í lok verkefnisins er haldinn íþróttadagur þar sem íslensku börnin hlaupa eða hreyfa sig á annan hátt og safna áheitum til styrktar starfi UNICEF.

Fjölmörg börn í 1. til 6. bekkjum Laugarnesskóla hlupu til styrktar UNICEF í Laugardal á fimmtudaginn. Laugarnesskóli hefur verið með frá því að verkefninu var hleypt af stokkunum á Íslandi árið 2007. - þj



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Er loftrýmisgæzla NATO eitthvað ofan á brauð?

## Fyllt upp í tómarúm

Þessa dagana sinnir um 170 manna sveit frá bandaríska flughernum loftrýmisgæzlu við Ísland. Flugsveitin fer í þrjú til fjögur æfingaútköll á viku, þar sem markmiðið er að orrustuflugvélar séu komnar í loftið á innan við fimmtán mínútum, eins og fram kom í samtali við yfirmann flugsveitarinnar í Fréttablaðinu í gær.

Koma bandarísku flugsveitarinnar er þáttur í áætlun Atlantshafsbandalagsins (NATO) um loftrýmisgæzlu á Íslandi. Hún felst í því að flugsveitir frá aðildarríkjum bandalagsins hafa hér viðdvöl í nokkrar vikur í senn, þrisvar til fjórum sinnum á ári, stunda æfingar og fara í eftirlitsflug. Þessu fyrirkomulagi var komið á laggirnar eftir að varnarlið Bandaríkjamanna yfirgaf Keflavíkurflugvöll árið 2006.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Mörgum finnst þetta skrýtin útgerð og tilgangslítil. Skilvirkar varnir gegn óvæntri hættu er loftrýmisgæzlan ekki, enda flugvélarnar aðeins staddar hér í nokkrar vikur á ári. Margir spyrja hvaða tilgangi hún þjóni yfirleitt, enda steðji engin hernaðarleg ógn að Íslandi.

Það er vissulega rétt að engin bein hernaðarleg ógn beinist að Íslandi nú um stundir. Sem betur fer ríkir friður og stöðugleiki í okkar heimshluta. Það þýðir þó ekki að við eigum ekki að gefa öryggismálum landsins gaum. Einn tilgangur með loftrýmiseftirliti NATO er að flugherir bandamanna okkar séu kunnugir aðstæðum og staðháttum á Íslandi og geti athafnað sig hér ef hættur láta á sér kræla á nýjan leik.

Annar tilgangur með loftrýmisgæzlunni, ekki síður mikilvægur, er að sýna að NATO hefur bæði getu og vilja til að verja Ísland og hafa eftirlit með hafsvæðinu umhverfis landið. Eftir að varnarliðið fór var Ísland eina aðildarríki NATO án nokkurra loftvarna. Samdóma álit aðildarríkja bandalagsins var að það væri ekki viðunandi ástand. Ekki þótti svara kostnaði að hafa sama háttinn á og til dæmis í Eystrasaltsríkjunum, þar sem flugsveitir aðildarríkjanna skiptast á að fylgjast með lofthelginni á degi hverjum, enda ólíku saman að jafna. Umsvif rússneska flughersins í næsta nágrenni við lofthelgi Eystrasaltsríkjanna eru þannig mikil og full ástæða er til að hafa stöðugt eftirlit.

Sú millileið, sem hér hefur verið farin með reglubundinni, en ekki stöðugri, loftrýmisgæzlu þjónar ekki sízt þeim tilgangi að fylla upp í það öryggistómarúm sem Bandaríkjamenn skildu eftir sig þegar þeir fóru með varnarliðið af Keflavíkurflugvelli. Augu heimsins beinast nú á ný að norðurslóðum. Rísandi stórveldi á borð við Kína sýnir svæðinu aukinn áhuga og Rússar minna með ýmsum hætti á að þeir séu ennþá öflugt ríki sem gerir kröfu til yfirráða við norðurskautið. Á slíkum tímum væri það ábyrgðarleysi af varnarbandalagi vestrænna þjóða, sem kennir sig við Norður-Atlantshafið, að skilja stóran hluta þess eftir án nokkurs eftirlits.

Af sömu ástæðu er líka ánægjulegt að Bandaríkjamenn láti sjá sig af og til í Keflavíkurstöðinni, þótt þeir deili nú ábyrgð á loftrýmisgæzlunni með evrópskum aðildarríkjum NATO. Bandarísk stjórnvöld eru upptekin af viðfangsefnum í öðrum heimshlutum en geta þó ekki annað en gefið norðurslóðum gaum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

BIFRÖST Hollvinasamtök

**Aðalfundur Hollvinasamtaka Bifrastar verður haldinn í Reykjavík, miðvikudaginn 6. júní 2012, kl. 20:30, í fundarsal Háskólans á Bifröst, Hverfisgötu 4-6, 5.hæð.**

Dagskrá samkvæmt félagslögum, **(sjá:bifrost.is - Hollvinir)**

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa flytur fulltrúi skólans erindi, **„Í fréttum frá Bifröst er þetta helst“.**

Hollvinir eru hvattir til öflugrar þátttöku í fundinum, undir kjörorðunum **„Bifröst áfram!“**

Stjórnin

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skoðanaskiptin

„Nú hafa þau haft stólaskipti og það fylgir allur hugmyndapakkinn með.“ Þetta sagði Ólafur Þ. Harðarson stjórnmálafræðiprófessor í samtali við Ríkisútvarpið í gær. Hann var að rifja upp að fyrir nokkrum árum voru Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur í stjórn, en Vinstri græn og Samfylking í stjórnarandstöðu. Þáverandi stjórnarflokkar vildu takmarka málþófsrétt, en þáverandi stjórnarandstaða stóð hörð á móti. Nú hefur taflið snúist við og, eins og stjórnmálafræðingurinn benti á, hafa stjórnmálamenn allra flokka lagað hugmyndir sínar að nýrri stöðu sinni.



### Þjóðaratkvæðagreiðsla?

Ein af helstu röksemdum ríkisstjórnarinnar fyrir málsmeðferð varðandi stjórnarskrárbreytingar var sú að Alþingi hefði ekki tekist að ná saman um raunverulegar breytingar á stjórnarskránni. Á meðan menn skipta um skoðun varðandi málþófsrétt eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, verða sennilega engar raunverulegar breytingar þar á. Kannski ætti að leyfa þjóðinni að kjósa um málið? Við borgum jú laun þingmanna.

### Stóð gegn lýðræði

Lilja Mósesdóttir fór mikinn í eldhúsdagsumræðunum í gær. Hún skammaði þar þingmenn utan stjórnarflokkanna fyrir að verja ríkisstjórnina vantrausti. Með því væru þeir að standa í vegi fyrir lýðræðinu og koma í veg fyrir kosningar. Í því ljósi er athyglisvert að rifja upp að Lilja sjálf sat hjá þegar tillaga Bjarna Benediktssonar um vantraust var tekin fyrir 13. apríl 2011. Með því gerði hún sitt til að koma í veg fyrir að ríkisstjórn, sem þá naut um 35% stuðnings, færi frá og stóð þannig í vegi fyrir lýðræðinu, svo hennar eigin orð séu notuð. Síðan þá hefur það þó breyst að Lilja er búin að stofna stjórnmálaflokk sem mælist með umtalsvert fylgi, þó það minnki stöðugt á milli kannana.



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Bjartsýni

Menning



Björn B. Björnsson
kvikmyndagerðarmaður

Fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar sem nýlega var kynnt er um margt merkilegt plagg, sérstaklega sá hluti hennar sem snýr að skapandi greinum. Sagt er að starfshópur undir forystu Katrínar Jakobsdóttur og Dags B. Eggertssonar hafi unnið þessar tillögur með aðkomu Guðmundar Steingrímssonar og Heiðu K. Helgadóttur. Hér hafa því stjórnmálamenn af yngri kynslóðinni varðað veg til framtíðar þar sem verðmætasköpun í samfélaginu getur byggt á hugviti ekki síður en hefðbundnum auðlindum.

Fram til þessa hefur flestum okkar sem starfa í skapandi greinum þótt mikið vanta upp á skilning og tiltrú stjórnmálamanna á þeim möguleikum sem greinarnar búa yfir. Í kvikmyndagerð hefur til dæmis verið sérlega hart í ári að undanförnu þrátt fyrir skýrslur og bækur sem sýna svart á hvítu fjárhagslegan ávinning samfélagsins af stuðningi við greinina, svo ekki sé minnst á menningarlegan ávinning – sem kannski er þó mikilvægastur þegar upp er staðið.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að fjárfesta meira í kvikmyndaframleiðslu næstu þrjú árin og er það vel. Þeir fjármunir munu laða að sér meira fjármagn svo hér verður framleitt kvikmyndaefni fyrir töluvert hærri upphæð en sem nemur hinu aukna framlagi. Þannig mun kvikmyndaiðnaðurinn og hið opinbera vinna saman að því að skapa hér ný störf sem ungt fólk sækir í.

Í niðursveiflu undanfarinna ára höfum við misst töluvert af kvikmyndagerðarmönnum úr landi. Þegar fjöldi erlendra kvikmynda boðaði komu sína til Íslands í sumar var erfitt að manna öll þau verk jafnframt þeim innlendu verkefnum sem hér eru í vinnslu (hjá Latabæ eingöngu starfa t.d. hátt í hundrað manns).

Erlendu verkefnin sem hingað koma byggja ekki fyrst og fremst á endurgreiðslunni og íslensku landslagi, heldur því að við eigum kvikmyndagerðarfólk í fremstu röð við framleiðslu og upptökur kvikmynda. Án þessa fagfólks, sem erlendir framleiðendur lofa undantekningalaust í hástert, væri ekki grundvöllur fyrir upptöku erlendra kvikmynda hér.

Efling innlendrar kvikmyndaframleiðslu er því mikilsvert skref sem hafa mun jákvæð áhrif á mörgum sviðum.

Við höfum því ástæðu til bjartsýni ef þeir stjórnmálamenn sem stýra munu landinu í framtíðinni gera sér grein fyrir því að kvikmyndaframleiðsla er þekkingariðnaður í þess orðs bestu merkingu. Framleiðsla sem skilar íslenskum menningarafurðum sem styrkja sjálfsmynd okkar sem þjóðar og eiga jafnframt aðgang að mörkuðum um allan heim.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Um kjölfestufjárfesta

Fjármál



Baldur Thorlacius
hagfræðingur

Sé farið yfir sögu íslenska hlutabréfamarkaðsins kemur orðið kjölfestufjárfestir ósjaldan fyrir, en kjölfestufjárfestir er yfirleitt skilgreindur sem fjársterkur aðili sem fer með virkan eignarhlut í skráðu félagi og getur í krafti þess haft áhrif á stjórnun og stefnumótun félagsins. Allt frá einkavæðingu bankanna og fram að hruni hefur mikið farið fyrir kjölfestufjárfestum á hluthafalistum skráðra félaga. Ósjaldan var talað fyrir því að þeir gætu veitt viðkomandi félögum verðmætan stuðning og styrkleika og að þeir væru jafnvel nauðsynlegir fyrir markaðinn.

Þegar norræni hlutabréfamarkaðurinn er skoðaður til samanburðar kemur þó í ljós að sama virtist ekki hafa átt upp á pallborðið þar, a.m.k. ekki að jafn miklu leyti. Um það má sjá ákveðnar vísbendingar með því að skoða muninn á svokölluðu floti íslenskra og norrænna félaga í aðdraganda hrunsins, en flot er skilgreint sem sá fjöldi hluta í hlutafélagi sem er í boði á markaðnum hverju sinni og ætla má að myndi grunn að virkum viðskiptum. Almenna reglan er sú að mikið flot er til marks um dreift eignarhald á meðan lítið flot bendir til meira vægis kjölfestufjárfesta.

Á árunum 2007 og 2008 var meðalflot íslenskra félaga í Kauphöllinni á bilinu 39 - 43% (einfalt meðaltal) á meðan norræna meðaltalið, án íslensku félaganna, var um 69 – 72%. Þetta gefur gróflega til kynna að kjölfestufjárfestar og aðilar nátengdir félögunum hafi að meðaltali átt um 60% í íslenskum félögum en einungis 30% í öðrum norrænum félögum. Margar skýringar geta verið á þessum mikla mun en þ. á m. má hugsa sér að meiri áhersla hafi verið lögð á dreift eignarhald og óháða og faglega stjórnarmenn á hinum Norðurlöndunum og að félög sem lutu stjórn fárra aðila hafi því átt erfiðara með fjármögnun. Hver sem ástæðan er má benda á að norræni hlutabréfamarkaðurinn hefur vaxið og dafnað um áraraðir án þess að talið sé nauðsynlegt að félög þar séu í eigu kjölfestufjárfesta sem öllu ráða.

Skráð félög geta vissulega haft ákveðinn hag af kjölfestufjárfestum. Aðkoma þeirra kann að byggja á yfirgripsmikilli þekkingu á viðkomandi atvinnugrein og fyrirtækin kunna að njóta góðs af tengslaneti þeirra. Einnig getur aðkoma þeirra byggt á þeirri forsendu að um fjársterka aðila sé að ræða sem geta veitt viðkomandi félagi fjárhagslegan stuðning ef þörf krefur. Svo virðist þó sem of mikið hafi verið gert úr þeim hag hérlendis, eins og sýndi sig eftir hrunið þegar í ljós kom að stuðningur kjölfestufjárfestanna var í flestum tilfellum lítill sem enginn og vísbendingar eru jafnvel um að þeir hafi í einhverjum tilvikum sótt sér fé, með beinum eða óbeinum hætti, beint í vasa fyrirtækjanna sem þeim var ætlað að styðja. Sú hugsun virðist engu að síður víða lifa góðu lífi enn þann dag í dag að stórir kjölfestufjárfestar séu beinlínis nauðsynlegir ef koma á félagi á markað.

Gallinn við þá hugsun er aftur á móti sá að skráning á markað getur ekki byggt á kjölfestufjárfestum einum saman og í dag gæti reynst þrautinni þyngra að fá almenna fjárfesta að borði sem er nær fullskipað kjölfestufjárfestum. Upplifun almennings á því þegar síðast var boðið upp á slíkt borðhald er að kjölfestufjárfestarnir hafi viljað ráða veislustjóra eftir eigin höfði, velja matseðilinn sjálfir og jafnvel hirt afgangana að veislu lokinni. Það er því eðlilegt að fólk sé fullt efasemda. Markaðurinn verður ekki endurreistur án aðkomu almennra fjárfesta og ef vinna á upp traust þeirra þarf m.a. að draga úr þessari áherslu á kjölfestufjárfesta.

Hlutdeild kjölfestufjárfesta á íslenskum hlutabréfamarkaði virðist þó vera að minnka og má sem dæmi nefna því til stuðnings að meðalflot íslensku félaganna sem voru á markaðnum árið 2008 og eru frumskráð þar enn í dag, þ.e. Icelandair, Marel og Nýherja, hefur farið úr 35% árið 2008 í 65% í dag. Að sama skapi má nefna að flotið í Högum, fyrstu og einu nýskráningunni frá því fyrir hrun, stendur nú í 85% og að meðalflot markaðsins í heild sinni er komið í 68%. Það er í línu við það sem tíðkast hefur á hinum Norðurlöndunum og talsvert hærra en það var fyrir hrun, sem verður að teljast jákvætt. Vonandi heldur sú þróun áfram.

# Verður fiskur veiddur áfram?

Sjávarútvegsmál



Sindri Mar Jónsson
laganemi við Háskólann á Bifröst

Kvótakerfið sætir endurskoðun og deilt er um hvernig beri að skipta almannagæðum þjóðarinnar svo sanngjarnt sé. Nú ætti að gilda sú regla að menn fái það sem mönnum ber, hvorki meira né minna. Afrakstur mannsins er jú hans einkaeign og honum ætti að vera heimilt að taka til sín það sem hann þarfnast. Þegar gæði og verðmæti eru til staðar kemur alltaf upp sú staða hverjir eigi réttmætt tilkall til þeirra og hvernig við hámörkum þau takmörkuðu gæði sem bjóðast svo allir njóti góðs af.

Núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi var sett fram af þáverandi valdhöfum svo hámarka mætti nýtingu þessara gæða svo úr yrðu sem mest verðmæti. Núverandi valdhöfum hugnast hins vegar ekki sú aðferðarfræði og telja að slík gæði beri að skammta jafnt. Hvað rétt er í þeim efnum skal ég ekki segja, en í allri þessari umræðu virðast þau sjónarmið koma fram í umræðunni að sjómenn og þeir sem þjónusta sjávarútveginn telja gríðarlegt óvissuástand vera uppi um framtíð þeirra þar sem líklegt þykir að sumir atvinnurekendur sem fjárfest hafa í veiðiheimildum séu líklegir til að þola ekki fyrirhugaðar breytingar. Þessar raddir eiga allar það sameiginlegt að það eru vinnuveitendur þeirra sem munu bera skerðingarnar og ljóst er að framtíðaráform þeirra eru óljós.

Eitt skulum við þó hafa á hreinu. Á Íslandsmiðum verða stundaðar fiskveiðar áfram um ókomna tíð. Ef við umgöngumst þessa sameiginlegu auðlind okkar af ábyrgð verða alltaf til störf fyrir sjómenn og þá sem hafa atvinnu af því að þjónusta sjávarútvegsfyrirtæki. Óvissan sem blasir við vinnuveitendunum er því í raun ekki þeirra sem starfa í þeirra þágu, heldur þeirra sem sitja í húsbóndastólnum. Sú skyldurækni sem margir sýna núverandi húsbændum er merki um að vissara sé að sýna þeim sem situr í stólnum tilhlýðilegan stuðning á meðan óvissan ríkir, því ef hann situr áfram er gott að hafa hann á sínu bandi.

Þær áhyggjur sem margir stuðningsmenn virðast hafa í fjölmiðlum, sem hafa í raun engra raunverulegra hagsmuna að gæta, nema að tryggja starfsöryggi sitt ef húsbóndinn heldur velli eru til marks um óttastjórnun þeirra sem vissulega hafa tekið þátt í að hámarka gæðin og mynda verðmætin sem þeir sitja nú um og vilja njóta afraksturs erfiðisins. Hér nota menn rök Pascals um að vissara sé að hugnast æðri völdum ef þau eru raunverulega til. Höfum það hugfast að sama hver niðurstaðan verður um hvernig fiskveiðistjórnunarkerfi framtíðarinnar verður þá ættu þeir sem í raun hafa engra raunverulegra hagsmuna að gæta ekki að þurfa búa við slíkan ótta. Umræðan sem virðist snúast um að atvinnuleysi blasi við sjómönnum og þeim sem þjónusta sjávarútveginn er að mínu mati úr lausu lofti gripin. Réttast væri að þeir sem eiga þennan slag, taki hann sjálfir og neyði ekki undirmenn sína á sitt band. Fiskurinn fer ekki neitt.




EKKERT MSG

Blå Band bollasúpur - hrein snilld

Blå Band bollasúpurnar eru handhæg og bragðgóð næring sem gott er að grípa til. Þær innihalda ekkert MSG, engar transfitur og aðeins náttúruleg bragð- og litarefni. Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus.

BÓNUS HAGKAUP

Blå Band

# Af leðjuslag: „Skrautdúkkan“

Forsetaembættið

Gunnlaugur Sigurðsson
lektor í félagsfræði við HÍ



Einn frambjóðenda til forsetakjörs hefur sætt ásökunum um „kynjuð ummæli“ sín. Hann hafði látið þá skoðun sína í ljós að ekki dygði að hafa í forsetaembætti „skrautdúkku“. „Puntudúkka“ væri að vísu mun þjálla í munni og bókmenntalegra en frambjóðandinn er ekki að eltast við slíkt í greiningu sinni á þeim mannkostum sem síst duga í forsetaembætti. Greining hans er vísindaleg og byggð á mikilli reynslu. Annars vegar tekur hún til iðju forsetans í embætti. Þar fáum við að vita að ekki dugi forseta að lesa bækur. Hins vegar til persónuleika forsetans. Þar hefur frambjóðandinn fundið út að sé mesta óráð að hafa „skrautdúkku“ í forsetastóli.

Nú eru þetta ákaflega málefnaleg sjónarmið, svona út af fyrir sig. Þau eru það reyndar svo rækilega út af fyrir sig að þau koma málefninu ekki við. Enginn hefur haldið því fram að helsti starfi forsetans skuli vera bóklestur þótt einhverjir hafi kannski ekki vitað að forseti ætti helst ekki að vera læs. Þaðan af síður hefur því verið hreyft að forsetinn skuli vera „skrautdúkka“. Enginn frambjóðendanna hefur gert það að stefnumáli sínu, þótt ótrúlegt sé, að vera „skrautdúkka“. Þess vegna byrjuðu einhverjir að skima eftir því hvað frambjóðandinn gæti hafa átt við með þessum orðum. Tilvísunin í bóklestur er talin svo torræð að enginn hefur reynt að ráða þá launsögn en stjórnmálafræðingur tók sig til og reyndi að fá einhverja glætu í varnaðarorð frambjóðandans um „skrautdúkkuna“. Niðurstaða stjórnmálafræðingsins er sú, að með „skrautdúkku“ sé frambjóðandinn að vísa til tiltekins annars frambjóðanda, konu, og lýsa með þessu vel valda hugtaki skoðun sinni á persónu hennar .

Stjórnmálafræðingurinn hefur gert að aðalatriði þessa máls að í orðum frambjóðandans felist „kynjuð“ afstaða til persónu hins frambjóðandans. Lætur sem sagt ekki nægja að upplýsa það sem augljóst er að með orðum sínum lýsir frambjóðandinn einfaldlega fyrirlitningu sinni á persónu mótframbjóðanda síns heldur sé sú fyrirlitning „kynjuð“. Það þýðir að frambjóðandinn hafi með „skrautdúkkunni“ dregið upp afskræmda mynd af persónu keppinautar síns sem rímaði sérstaklega við kyn hennar. „Skrautdúkka“ sé afskræming í orðum á persónu manneskju og sú afskræming sé sérstaklega bundin við konur.

Ekki er auðvelt að hafna þessari niðurstöðu því varla félli það að málvitund okkar að karlmaður væri kallaður „skrautdúkka“ í embætti. Ekki bara vegna kyns þessa orðs, „skrautdúkka“, heldur vegna þess að upptök sjálfrar samlíkingarinnar er að finna í þeim landlæga óhróðri um konur að þær gegni því hlutverki best í framvindu mannkynssögunnar að vera til skrauts.

> …upptök sjálfrar samlíkingarinnar er að finna í þeim landlæga óhróðri um konur að þær gegni því hlutverki best í framvindu mannkynssögunnar að vera til skrauts.

Frambjóðandinn bregst við þessari niðurstöðu stjórnmálafræðingsins eftir eðli sínu, hefði hann líklega sjálfur sagt við annað tækifæri. Hann er staðinn að niðrandi dylgjum um persónu keppinautar síns. Hann segir ekki beinum orðum við hvern hann á né hvað hann meinar nákvæmlega, lesandans er að geta sér til um það. Þetta er listin að dylgja eins og hún gerist best af langri æfingu í leðjuslag stjórnmála og valdabrölts. En í stað þess að gangast við athæfi sínu ber frambjóðandinn stjórnmálafræðinginn sökum um að vera sjálf að „dylgja“ um það sem hún þó fullyrti berum orðum. Eftirleikurinn kemur svo af sjálfu sér hjá vönum manni. Skinhelgi, heitir það. Að vísu nýlega aflögð aðferðafræði hjá biskupsembættinu en gæti dugað eitthvað enn í forsetaembættinu, ef svo fer fram sem horfir. Skýrt orðaðar ásakanir séu „dylgjur“, því varla er hægt að hugsa sér að hans heilagleiki sé borinn sökum beinum orðum. Eftir fylgir svo löng lofræða um eigin verðleika sem gera höfund hennar hafinn yfir minnsta grun um „kynjuð“ sjónarmið, hvað þá annað. Hann hafi þvert á móti sýnt keppinaut sínum „virðingu með því að ræða á málefnalegum grundvelli þau sjónarmið sem hún hefur sett fram um forsetaembættið“.

Maður er auðvitað snortinn af slíkri göfgi, að frambjóðandinn skuli náðarsamlegast ræða á málefnalegum grundvelli þau sjónarmið sem „skrautdúkka“ hefur sett fram um forsetaembættið. En göfugt hugarfar frambjóðandans á sér eðlilegar skýringar í „viðhorfum“ hans og „sjónarmiðum“ sem hann segir hóp nafngreindra „sjálfstæðra og sterkra kvenna“ hafa átt stærstan þátt í að móta. Það er sannarlega þakkarvert að slíkar konur hafi forðað frambjóðandanum frá yfirvofandi ranghugmyndum um konur. Nú er bara að vona að hann standist þá freistingu að hafa þær í þakklætisskyni til skrauts í kosningabaráttunni.

Í algeru framhjáhlaupi tekst svo frambjóðandanum að upplýsa okkur um það hver stjórnmálafræðingurinn sé sem hafi vogað sér að „dylgja“ um hann. Nafngreinir hana, en minnist hvorki á starf hennar né háskólagráðu: „Rósa Guðrún Erlingsdóttir, ræðumaður á fundi Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar“. Hvernig væri: „Ólafur Ragnar Grímsson, farþegi í einkaþotu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar“? Var einhver að tala um eðli?

# Þingræðið og meint málþóf

Stjórnmál

Ragnheiður Elín Árnadóttir
alþingismaður



Þingflokksformaður vinstri grænna beinir þeim tilmælum til forseta Alþingis í gegnum fjölmiðla að beita ákvæði þingskapa til að stöðva umræður á þinginu og láta mál ganga til atkvæða. Sjálft þingræðið er í hættu vegna málþófs stjórnarandstöðunnar. Undir þetta tók formaður vinstri grænna um helgina og býsnaðist mjög mæðulega yfir því hversu ómöguleg núverandi stjórnarandstaða væri – hún væri meira að segja búin að breyta og eyðileggja gamla góða málþófið sem hann þekkti svo vel. Svo talaði hann um bústörf og grásleppuvertíðir og að engum heilvita manni dytti í hug að stinga af í miðri uppskeru eða sleppa því að vitja neta sinna.

Umrætt ákvæði þingskapa sem ekki hefur verið notað í áratugi, er neyðarhemill. Honum var ekki beitt í umræðunni um aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu, ekki í umræðum um Kárahnjúkavirkjun, fjölmiðlalög, samræmdan gagnagrunn á heilbrigðissviði eða Icesave, svo nokkur dæmi í þingsögunni séu nefnd. En nú er sum sé tilefni til að dusta af því rykið því hin óbilgjarna stjórnarandstaða kann ekki með málfrelsið að fara.

Það er rétt að ríkisstjórninni hefur ekki tekist að klára mörg mál á þessu þingi. Og það er alveg rétt hjá Steingrími ráðherra að það ætti að vera komið að uppskerutíð – svona miðað við árstíma. En bóndasonur að norðan ætti jafnframt að vita að ef menn plægja ekki akurinn og sá ekki í tæka tíð verður engin uppskera. Ráðherra sjávarútvegsmála veit líka fullvel að það þýðir ekkert að vitja neta sem ekki hafa verið lögð.

Og þannig er staðan í þinginu. Ríkisstjórnin kom seint fram með illa undirbúin mál sem mörg hver átti eftir að ná samkomulagi um milli stjórnarflokkanna og fylgihreyfinga hennar. Til viðbótar hefur hvert átakamálið af öðru verið sett í forgang – breytingar á stjórnarráðinu, stjórnarskránni, Vaðlaheiðargöng – og þannig tafið allan eðlilegan framgang annarra mála. Að ekki sé minnst á risavöxnu málin, sjávarútvegsfrumvörpin tvö og rammaáætlun, sem enn eru í vinnslu í nefndum Alþingis nú í upphafi þeirrar viku sem samkvæmt starfsáætlun á að vera lokavika þingsins.

Það er því í senn kjánalegt og verulega umhugsunarvert að forystumenn vinstri grænna skuli láta sér detta það í hug að fara fram á að neyðarhemli þingskapanna verði beitt við núverandi aðstæður. Ekki síst þegar sagan og tölurnar eru skoðaðar. Steingrímur Joð sem kveinkar sér undan „nýrri gerð málþófs“, þar sem athugasemdir hafa tekið við af löngum ræðum, á nefnilega öll met sem til eru í ræðumennsku á Alþingi, fyrir utan lengstu samfelldu ræðuna, en þar á metið félagi hans í ríkisstjórninni, Jóhanna Sigurðardóttir. Sú sem þetta ritar hefur ekki roð við stjórnarandstæðingnum Steingrími sem í 18 ára stjórnarandstöðutíð sinni hélt að meðaltali ræður í tæplega 30 klst. á hverju þingi og gerði að meðaltali athugasemdir í 5 klst. Toppnum náði hann 1992 þegar hann talaði í tæplega 50 klst. á einu og sama þinginu og gerði athugasemdir í rúmlega 5 klst. Til samanburðar hefur undirrituð haldið ræður á yfirstandandi þingi í rúmar 6 klst. og gert athugasemdir í rúmar 4 klst. Athugasemdir stjórnarandstæðingsins Steingríms hafa yfirleitt tekið lengri tíma en ræðuhöld undirritaðrar.

Það setur að mér hroll við að upplifa það að stjórnvöldum skuli í alvörunni koma það til hugar að takmarka málfrelsi þingmanna til þess að leysa heimatilbúið vandamál ósamstæðrar ríkisstjórnar. Ég hélt satt að segja að það gerðist bara í öðrum löndum, löndum sem við höfum hingað til ekki viljað bera okkur saman við.

TVÖFALDUR ★★ FYRSTI VINNINGUR

230.000.000
+420.000.000

650 MILLJÓNIR

ÞÚ TALDIR RÉTT ★ 650.000.000

Tvöfaldur fyrsti vinningur stefnir í 230 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 420 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**



FÍTON / SÍA

VÍKINGA LOTTÓ

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 30. MAÍ 2012

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

# GÆÐARÚM Á GÓÐU VERÐI

## Tilboð á heilsurúmum

30% AFSLÁTTUR AF
DRAUMEY - DÖGUN - DRAUMFARA
HEILSURÚMUM

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á Frábæru verði**



Rúm Gott

**Heilsurúm á tilboði**

**VERÐDÆMI:**
Svæðaskipt heilsurúm
Einstaklings: **70.224**
Hjónarúm: **129.336**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**
**– Eingungis greiðist lántökugjald**

## TILBOÐ Á HJÓNARÚMUM

**FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!***

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



34 **MARIE FREDRIKSSON,** söngkona sænska dúettsins Roxette á afmæli í dag.
*„Ég er frá Skáni, eins og þið sjáið á tönnunum í mér.“*

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**BERGÞÓRA GUNNBJÖRT KRISTINSDÓTTIR**
**Þykkvabæ 5, Reykjavík,**

andaðist þann 22. maí á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 1. júní og hefst athöfnin kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna.

**Svava Benediktsdóttir** — **Guðmundur Birgir Salómonsson**
**Ágúst Benediktsson** — **Sigríður Margrét Sigurðardóttir**
**Gréta Benediktsdóttir** — **Kristján Knútsson**
**Ásta Benediktsdóttir** — **Sigmar Arnar Steingrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

✝



Elskuleg dóttir mín og systir okkar,

**SVANFRÍÐUR BRIANA ROMANT**

lést mánudaginn 21. maí á Barnaspítala Hringsins. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 31. maí klukkan 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Litlu Ljósin/Heimahjúkrun barna (0301-26-068508. kt.: 680508-0460).

**Hanna Sigurrós Ásmundsdóttir**
**Vilhjálmur Nökkvi Baldvinsson**
**Álfrún Embla Jónsdóttir**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐBJÖRG SIGURJÓNSDÓTTIR**
**Reykjadal 2 í Mosfellsdal,**

lést að Hjúkrunarheimilinu Eir þann 14. maí síðastliðinn. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og vinahug.

**Birgir J. Sigurðsson** — **Ágústa Þóra Kristjánsdóttir**
**Baldur Sigurðsson**
**Guðlaug Sigurðardóttir**
**Bára Sigurðardóttir** — **Jón Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**PÉTUR INGVASON**
**vörubílstjóri, Unufelli 27,**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk sunnudaginn 27. maí.

**Elín Kristín Halldórsdóttir**
**Halldór Pétursson** — **Ágústa Hansdóttir**
**Ingvi Pétursson** — **Auður Agnes Haraldsdóttir**
**Lilja Pétursdóttir** — **Friðfinnur Einarsson**
**Pétur Pétursson** — **Halldóra Jóhannesdóttir Sanko**
**Þóra Pétursdóttir** — **Njáll Þórðarson**
**og barnabörn.**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,

**HAUKUR RICHARDSSON**

andaðist þann 24. maí 2012 í faðmi fjölskyldunnar. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík 1. júní 2012 kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið.

**Sandra Hauksdóttir** — **Magnús Ólafsson**
**Saga, Dagur og Mirra**
**Tinna Gallagher** — **David Gallagher**
**Richard Haukur Ólsen Felixsson** — **Erna Petrea Þórarinsdóttir**
**systkini, makar og börn.**

---


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is

Allan sólarhringinn


Sverrir Einarsson


Kristín Ingólfsdóttir


Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242


---

**ÞETTA GERÐIST:** 30. MAÍ 1431

## *Jóhanna af Örk brennd á báli*



Jóhanna af Örk, eða Mærin frá Orléans, sem er þjóðþekkt hetja í Frakklandi og kaþólskur dýrlingur, lést á þessum degi árið 1431.

Jóhanna var frönsk almúgastúlka, fædd í austurhluta Frakklands 1412. Ung sagðist hún sjá sýnir sem væru frá guði komnar. Hann skipaði henni að ná Frakklandi undan yfirráðum Englendinga í Hundrað ára stríðinu. Hinn ókrýndi Karl 7. sendi hana til Orléans, sem Englendingar höfðu á valdi sínu. Hún fór fyrir franska herliðinu og varð fræg fyrir að hrekja Englendingana á brott.

Á aðeins níu dögum náði hún að vinna fleiri sigra og leiddi það til þess að Karl var krýndur í Reims. Segja má að sigrar hennar og hersins franska hafi gefið frönsku þjóðinni aukið sjálfstraust. Englendingar náðu hins vegar að handsama Jóhönnu nærri Compiègne. Þar dæmdi enski landsstjórinn hana fyrir villutrú og lét svo brenna hana á báli. Kallixtus 3. páfi veitti henni uppreisn æru 24 árum síðar. Benedikt páfi hinn 15. tók hana í dýrlingatölu í maí 1920.

---

KK-BAND: FAGNAR TUTTUGU ÁRA AFMÆLI BEINNAR LEIÐAR Á VAGNINUM

# Flateyri okkar annað heimili

„Það má segja að þessi plata, Bein leið, hafi verið grunnurinn að heimsfrægð minni á Íslandi. Flateyringar höfðu samband við okkur út af þessum tímamótum, enda muna þeir þetta eins og gerst hafi í gær og við líka,“ segir tónlistarmaðurinn Kristján Kristjánsson, KK, sem ásamt KK-Bandinu sínu fagnar tuttugu ára afmæli þessarar merkilegu plötu með tónleikum á Vagninum á Flateyri á laugardaginn næsta, 2. júní.

Bein leið inniheldur meðal annars smelli á borð við titillagið, Besti vinur, Talandi dæmi og Ó borg, mín borg, sem Björk söng með KK-Bandinu, auk laganna Þjóðvegur 66 og Vegbúinn sem heyrðist fyrst í uppfærslu Borgarleikhússins á Þrúgum reiðinnar eftir John Steinbeck. Platan var önnur stóra plata KK, naut mikilla vinsælda og seldist í bílförmum. Í nóvember ákvað KK-bandið að halda útgáfutónleika plötunnar á veitingastaðnum Vagninum á Flateyri.

„Ég var nýfluttur heim frá Svíþjóð, byrjaður að koma fram og það exlaðist þannig að ég og KK-Bandið spiluðum mikið á Flateyri. Bærinn varð í raun okkar annað heimili,“ útskýrir KK, en Pétur Gíslason, umboðsmaður sveitarinnar, tengdist Flateyri og samstarf hans og KK-Bandsins hófst raunar á tónleikum í bænum. „Við ákváðum að halda útgáfutónleikana á Vagninum, hjá vertinum Guðbjarti Jónssyni, og úr varð heilmikið partí. Við leigðum litla flugvél, buðum fjölmiðlafólki á staðinn og þetta var allt mjög skemmtilegt.“

Eitt lag af plötunni hefur að öðrum ólöstuðum lifað betur en önnur þessa tvo áratugi, en það er téður Vegbúi úr Þrúgum reiðinnar. „Við tókum lagið upp um vorið. Klukkan var að verða fjögur og við áttum eftir að senda lag upp í útvarp eins og við höfðum lofað. Við hlupum því upp í stjórnherbergi í Borgarleikhúsinu, sem var svo þröngt að við komumst varla báðir fyrir þar inni, ég og Þorleifur bassaleikari. Auk þess var ég kvefaður, en lagið fór í spilun og hefur síðan verið það lag með mér sem allir þekkja. Lagið mitt, eins og Magnús Eiríksson segir,“ rifjar KK upp.

KK-Bandið er sem fyrr skipað þeim KK, bassaleikaranum Þorleifi Guðjónssyni og trymblinum Kormáki Geirharðssyni. Hljómsveitarstjórinn segir bandið lítið þurfa að æfa fyrir tónleikana á Flateyri. „Við spiluðum svo rosalega mikið saman á sínum tíma, nánast daglega í mörg ár, svo þetta er fullæft hjá okkur. Við kunnum þetta allt. Við komum bara saman og byrjum að spila og þá gerist eitthvað. Það er góð tilfinning,“ segir KK.

kjartan@frettabladid.is



**AFMÆLISTÓNLEIKAR** Bein leið með KK-Band kom út árið 1992 og naut mikilla vinsælda. Sveitin fagnar tímamótunum á Flateyri um sjómannadagshelgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓNÍNA SIGURBORG JÓNASDÓTTIR**
**Jonna frá Dagsbrún,**
**Dalbraut 16, Reykjavík,**

verður jarðsungin frá Langholtskirkju föstudaginn 1. júní kl. 13.

**Sigurbjörg Björnsdóttir** — **Páll Reynir Pálsson**
**Guðmundur Björnsson** — **Guðrún W. Jensdóttir**
**Björg Björnsdóttir** — **Sveinn Birgir Hreinsson**
**Sigrún Þóra Björnsdóttir** — **Kristinn Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**SÓLEY ODDSDÓTTIR**
**Hrísmóum 1, Garðabæ,**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Holtsbúð Vífilsstöðum miðvikudaginn 16. maí, verður jarðsungin frá Garðakirkju í Garðabæ fimmtudaginn 31. maí kl. 13.00.

**Sigurveig Sæmundsdóttir** — **Halldór Snorrason**
**Oddur Sæmundsson** — **Jónína Guðmundsdóttir**
**Jóna Sæmundsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN KONRÁÐ BJÖRNSSON**
**fv. kaupmaður,**

lést fimmtudaginn 24. maí síðastliðinn. Útför hans verður gerð frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 5. júní kl. 13.00. Sérstakar þakkir eru færðar hjúkrunarfólki Vífilsstaða og Landakots.

**Fyrir hönd ættingja,**
**Baldur Jónsson** — **Ragnheiður Brynjólfsdóttir**
**Gísli Rúnar Jónsson**
**Björn Jónsson** — **Guðný Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐMUNDA ÓLAFSDÓTTIR**
**húsmóðir,**
**Víðivöllum 26, Selfossi,**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans föstudaginn 25. maí. Útför hennar fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 1. júní kl. 13.30.

**Jón Viðar Guðjónsson** — **Carola Ida Köhler**
**Steinþór Guðjónsson** — **Sigríður Garðarsdóttir**
**Reynir Guðjónsson** — **Soffía Stefánsdóttir**
**Guðbjörg Guðjónsdóttir** — **Sigurður Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




## HÁTÍÐ Á SUÐURNESJUM

**Heklugos á Suðurnesjum er yfirskrift viðburðar sem ætlað er að kynna og efla hönnun á Suðurnesjum. Að viðburðinum standa Heklan, Eldey þróunarsetur, SKASS og Menningarráð Suðurnesja og fer hann fram í Eldey fimmtudaginn 31. maí kl. 19.30. Í Eldey starfa nú um 18 sprotafyrirtæki.**




Hugsaðu vel um fæturna

Í hálfa öld hafa miljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK sér til heilsubótar. Hvað um þig?

Teg: „BOSTON" Fótlaga skór úr leðri og 100% innleggi úr náttúru-korki. Stærðir: 36 - 48. Verð: 18.500.-

Misty skor Laugavegi 178

BIRKENSTOCK

Vertu vinur

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

ÚTSKRIFTARGJAFIR

- mikið af frábærum tilboðum



www.tk.is

Tékk KRISTALL

iittala 10% afsláttur

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

ÞÚSUNDIR MYNDBANDA

vísir - oft á dag

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara



Amerísk gæðavara





# ÆVINTÝRI Í AMERÍKU

**SPILAVÍTI OG VILLT DÁDÝR** *Hákon Skjenstad er nýkominn heim úr „road trip" um Colorado og Nýju-Mexíkó. Hópurinn lagði 1.500 kílómetra að baki.*

Við keyrðum suður til Nýju-Mexíkó og lögðum að baki um 1.500 kílómetra. Miðað við bandarískar vegalengdir er tiltölulega stutt að keyra til áhugaverðra og fallegra staða frá Colorado," segir Hákon Skjenstad en hann er nýkominn heim úr fimm daga „road trip" ásamt þremur íslenskum vinum sínum. Hákon er búsettur í Colorado og hafði ferðast eitthvað um svæðið áður en vinirnir voru að fara í fyrsta sinn.

„Okkur langaði til að upplifa náttúruna en líka eitthvað menningarlegt. Á þessu svæði eru margir þjóðgarðar, hægt að heimsækja verndarsvæði indíána og marga áhugaverða bæi og borgir," segir Hákon. Á leið sinni gegnum fjöllin í Colorado gisti hópurinn til að mynda í Crestone, litlum bæ við fjallsræturnar þar sem engin götuljós lýsa veginn. Hákon lýsir Crestone sem eins konar nýaldarbæ með búddamusterum, japönskum hofum og jógasetrum.

„Umhverfið þarna er mjög ævintýralegt en bærinn stendur með fjöllin á aðra hönd og eyðimörk á hina. Við komum í myrkri og þarna eru engin götuljós svo stjörnurnar á himninum sjást vel. Morguninn eftir vöknuðum við svo upp við dádýr fyrir utan gluggann! Við vorum vöruð við að skilja eftir mat í bílnum því birnir brjótast inn í bílana ef þeir finna lykt af mat. Í bænum eru allar ruslatunnur bjarnheldar og þarna er til dæmis ekki sniðugt að tjalda," segir Hákon. „Það er erfitt fyrir okkur Íslendinga að átta okkur á hve Bandaríkin eru

**ÓGLEYMANLEG FERÐ** Hákon Skjenstad fór ásamt vinum sínum í „road trip" frá Denver í Colorado til Nýju-Mexíkó. Hann segir erfitt fyrir Íslending að átta sig á hve náttúran og dýralífið í Bandaríkjunum er ennþá villt.
MYND/ARNÓR.IS


■ FRAMHALD Á SÍÐU 4



MIKIÐ ÚRVAL BRÚÐARGJAFA



Sérstök brúðkaupsgjöf

KitchenAid
FOR THE WAY IT´S MADE



Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.




Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir.
Gildir um KitchenAid hrærivélar

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Upplifðu Útivistargleði

Jónsmessuhátíð Útivistar 22.-24. júní




Bókun á skrifstofu í síma 562 1000 eða á www.utivist.is

ÚTIVIST




# FYLLT Á LÍFSORKUNA

**JÓGA ER EKKI HEILAGT** *Kundalini-jógahátíð verður haldin á Lýsuhóli á Snæfellsnesi á sumarsólstöðum. Þar verður í hávegum hafður sá fæðingarréttur hverrar manneskju að vera hamingjusöm, hraust og heilbrigð.*

Kundalini er jóga fyrir alla sem lifa venjulegu lífi og stunda venjubundin störf. Það gefur hverjum og einum verkfæri til að temja hugann og finna mátt agans, og með agann sem besta förunautinn er auðvelt að sækja innri auðæfi sem leiða til velgengni og hamingju," upplýsir Estrid Þorvaldsdóttir jógakennari á Landspítalanum. Estrid er í hópi fimm jógakennara sem standa fyrir jógahátíð á Lýsuhóli á sunnanverðu Snæfellsnesi dagana 20. til 24. júní næstkomandi.

„Jógahátíðir á sumarsólstöðum njóta vinsælda um allan heim. Þar, eins og hér, kjósa æ fleiri að endurhlaða líkama og sál á jógahátíðum sumarið út í stað þess að fara á skemmtistaði til að tæma sig um helgar. Með því móti getum við náð fram því besta í sjálfum okkur og tekist betur á við álag og verkefni hvunndagsins í stað þess að þurfa að hörfa frá," útskýrir Estrid.

Hún segir kundalini-jóga einstaklega góða og kröftuga leið til endurnýjunar á líkama og sál.

**SAMEINAÐAR NÁTTÚRUNNI** Jógakennararnir Sólveig Hlín Kristjánsdóttir, Guðrún Theodóra Hrafnsdóttir og Estrid Þorvaldsdóttir eru þrír af fimm aðstandendum jógahátíðarinnar sem fram fer á Snæfellsnesi á sumarsólstöðum. MYND/GVA


Sumarkort



Tilboð kr. 11.900,-
Gildir til 30. ágúst
Frí ráðgjöf innifalin

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is


# ALLT VIRKAR BETUR MEÐ ALPHA DAILY

**HP Heilsa kynnir** *Marý Linda Jóhannsdóttir hefur notað Alpha Daily-drykkinn í nokkra mánuði og finnur mikinn mun á sér. Hún er orkumeiri og hressari og laus við bjúg.*

Marý Linda Jóhannsdóttir, grunnskólakennari, mælir hundrað prósent með Alpha Daily-drykknum. Hún hefur notað hann um nokkurra mánaða skeið en hafði engar væntingar þegar hún byrjaði.

Núna getur Marý varla án Alpha Daily verið og segist finna mikinn mun á sér eftir að hún byrjaði að drekka hann. „Allur bjúgur rann af mér eftir að ég byrjaði að drekka Alpha Daily. Ég var nýbúin að eignast barn þegar ég var kynnt fyrir drykknum og var með svo mikinn bjúg að giftingarhringurinn var nánast fastur. Í dag finn ég ekki fyrir bjúg, ég er orkumeiri og allt virkar betur. Ég er laus við slen sem var oft yfir mér seinni part dags og orkan er jafnari. Drykkurinn slær jafnframt á þorsta og er bragðgóður og svalandi," segir hún.

Drykkurinn er í glerflöskum sem má skila til HP Heilsu, Smiðjuvegi 38 í Kópavogi, og fá áfyllingu. Ef sex flöskum er skilað inn fæst áfylling á heildsöluverði.

Alpha Daily-drykkurinn fæst á eftirtöldum stöðum: Hagkaup, Víðir, Fjarðakaup, Kostur, Melabúðin, Heilsuhúsið, Lifandi markaður, Garðheimar og Blómaval.



## VATNSLOSANDI EIGINLEIKAR

**JÁKVÆÐ VIRKNI** ***Blandan eplaedik og hunang sem Alpha Daily samanstendur af er þekkt fyrir vatnslosandi eiginleika sína og hefur áhrif á bjúg og bólgur. Hún styrkir ónæmiskerfið og hefur sýrustillandi áhrif. Fjölbreytt og hollt mataræði úr öllum fæðuflokkum og regluleg hreyfing er leiðin til betra lífs hvar sem við erum stödd í tilverunni. Regluleg neysla eplaediks er ein leið til að bæta og styrkja líkama okkar svo við megum enn frekar njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða.***






## KULDI VELDUR EKKI KVEFI

**Gömul tugga**

**„Passaðu að það slái ekki að þér svo þú fáir ekki kvef." Hver hefur ekki heyrt þessu fleygt? Staðreyndin er sú að kuldi hefur lítið með það að gera hvort fólk kvefist eða ekki .**

**Fólk fær kvef ef kvefveirur komast inn í kerfið en veirurnar berast með úða- eða snertismiti manna á milli.**

**Þrátt fyrir að kuldi valdi ekki kvefi er tíðni kvefs samt meiri yfir vetrarmánuðina. Það má meðal annars skýra með því að þá er skólastarfsemi í fullum gangi sem eykur smithættu manna á milli. Þegar kalt er úti eyðir fólk sömuleiðis meiri tíma innandyra og í nálægð við hvert annað. Í kulda lækkar einnig rakastig sem veldur því að slímhúðin í nefinu þornar og veirur eiga auðveldara með að sýkja hana Þá lifa veirur betur í þurru lofti.**


# Krossgáta í helgarblaðinu



Ekki missa af krossgátunum sem birtast vikulega í helgarblaðinu. Þær eru efnismiklar, fjölbreyttar og skemmtilegar áskoranir fyrir unnendur góðra orðaþrauta.

Í verðlaun verður vegleg gjafakarfa að verðmæti 5.000 kr. frá Te og Kaffi.




Allt sem þú þarft



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473,
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

„Jógahátíðin á Lýsuhóli er ekki einkahátíð með heilögum blæ heldur útihátíð fyrir þá sem vilja stunda jóga í íslenskri náttúru. Jóga er líka ekki trúarbrögð heldur heilbrigðisvísindi. Við viljum því draga úr dramatískum hugmyndum fólks um jóga því jóga er í raun og sann fyrir alla,“ segir Estrid.

Orðið kundalini þýðir lífskraftur og jóga þýðir sameining. Jóga er sameining vitundar við alheimsvitundina.

„Kundalini-jóga sameinar huga og líkama. Á jógahátíðinni viljum við sameina fjölskylduna og sjálf okkur náttúrunni í sínum fegursta sumarskrúða. Dagarnir byrja á morgunjóga klukkan hálfsex og svo tekur við fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna; fyrirlestrar, fuglaskoðun, gongslökun, náttúruskoðun, sjósund, gönguferðir, tónleikar, jógadiskó, barnajóga og margt, margt fleira, og að sjálfsögðu er ljúffengur, lífrænt ræktaður matur innifalinn allan tímann,“ segir Estrid um hátíðina sem stuðlar að vellíðan, hamingju og fjölbreyttri fræðslu sem nýtist áfram í daglega lífinu.

„Það þarf hvorki að vera liðugur né í sérstöku líkamsformi til að stunda kundalini-jóga. Því er líka hægt að skreppa til okkar í dagsferð eða bara í einn jógatíma á sumarsólstöðum til að upplifa töfra kundalini-jóga af eigin raun.“

Nánari upplýsingar um jógahátíðina má finna á www.sumarsolstodur.123.is.

■ thordis@365.is

# SKYNDIBITAFÆÐI TENGT ÍÞRÓTTAAFREKUM

*Læknar biðja bresk yfirvöld að takmarka auglýsingar styrktaraðila Ólympíuleikanna.*

Hópur breskra lækna segir það senda slæm skilaboð til almennings í landi þar sem offita er að verða stórt vandamál að skyndibitakeðjan McDonald‘s sé styrktaraðili Ólympíuleikanna í London í sumar. BigMac, franskar og mjólkurhristingur verða meðal þess lostætis sem McDonald‘s býður upp á á sérstökum matseðli á Ólympíuleikunum. Veitingastaðurinn mun opna nýtt, tveggja hæða útibú á Ólympíusvæðinu sem tekur 1500 manns í sæti en á svæðinu eru auk þess þrír aðrir McDonald‘s-staðir. Enn annað útibú veitingastaðarins verður í Ólympíuþorpinu sjálfu. McDonald‘s verður eini þekkti skyndibitarisinn sem fær leyfi til að selja mat á leikunum.

Jafnframt verður Coca Cola með einkarétt á að selja óáfenga drykki á íþróttaleikvöngunum og Heineken verður opinber bjór leikanna. „Það er mjög leitt að viðburður sem snýst um bestu íþróttaafrek heims skuli vera styrktur af fyrirtækjum sem að einhverju leyti má kenna um það vandamál sem offita er nú orðin og fyrirtækjum sem stuðla að öðrum óheilbrigðum venjum,“ segir Terence Stephenson, talsmaður Akademíu konunglegra læknaháskóla.







# Tel að NutriLenk hafi bjargað ferlinum

**Ásdís Hjálmsdóttir er afreksíþróttakona í spjótkasti og því er mikið álag á líkamann vegna strangra æfinga.**

Haustið 2009 fékk ég brjóskskemmd í hnéð á mörkum hnéskeljar og lærleggs. Þessu fylgdi mikill sársauki og það brakaði í hnénu á mér í hverju skrefi. Sársaukinn var það slæmur að ég gat ekki æft af fullum krafti og gat ekki einu sinni labbað niður stiga án þess að finna til í hnénu.

Ég var búin að fá tíma í aðgerð þar sem átti að bora inn í beinið í þeirri von að brjóskið myndi endurnýja sig en það var eina mögulega úrræðið.

## Losnaði við hnéverkinn

Viku áður en ég átti að fara í aðgerðina var mér bent á að prófa NutriLenk og ég ákvað að slá til þar sem ég hafði engu að tapa og var tilbúin að reyna allt til að laga hnéð á mér. Strax á fyrstu dögunum minnkaði verkurinn og ég fór að geta æft.

Daginn áður en ég átti að fara í aðgerðina þá fann ég ekkert til í hnénu. Ég hef tekið NutriLenk síðan og aldrei fundið neitt fyrir hnénu aftur.

Ég hef mikið keppt erlendis undanfarin ár og á öllum stórmótum. Í ágúst síðastliðnum tryggði ég mér keppnisrétt á Ólympíuleikunum í London í sumar og ég tel að NutriLenk hafi bjargað ferlinum.



*Ásdís Hjálmsdóttir 26 ára Ólympíufari*

**NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum, Hagkaup, Krónunni, Þín verslun Seljabraut og Vöruvali Vestmanneyjum**

## Hvað getur NutriLenk gert fyrir þig?

Við mikið álag og með árunum getur brjóskvefurinn rýrnað sem veldur því að liðirnir slitna. Þetta er náttúrulegt ferli. Mjög margir finna fyrir miklum óþægindum þegar beinin byrja að núast saman, sérstaklega í liðamótum eins og í mjöðmum, hryggjar og hnjáliðum. Þess vegna er allt til vinnandi að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.



Heilbrigður liður — Liður með slitnum brjóskvef

**Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið og beinin**

NutriLenk inniheldur náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskvefinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Unnið úr sérvöldum fiskibeinum úr hafinu sem hefur sýnt fram á að vera fyrsta flokks byggingarefni til að styðja við brjóskvefinn og viðhalda honum.

NutriLenk hefur hjálpað fjölmörgu fólki. NutriLenk er 100% náttúruleg vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskvefsrýrnun.

**Prófið sjálf-upplifið breytinguna!**

Nánari upplýsingar á **www.gengurvel.is**




PRENTUN.IS




# VILJA BANNA REYKINGAR Í BÍLUM

*Norska Læknafélagið vill víðtækt reykingabann.*

Læknafélagið hefur lagt til að bannað verði að reykja í bifreiðum þar í landi til að vernda börn og unglinga fyrir tóbaksreyk. Einnig hefur félagið lagt til að sett verði 20 ára aldurstakmark til kaupa á sígarettum og munntóbaki. Þá telur Læknafélagið að tóbak eigi ekki að vera sýnilegt í verslunum.

Noregur er meðal þeirra ríkja í Evrópu þar sem aðgengi að tóbaki er auðvelt. Bent er á þann möguleika að selja tóbak eingöngu í áfengisverslunum. Hugmyndir Læknafélagsins styðjast við sams konar tillögur frá læknum í Bretlandi. Nýlega voru reykingabönn hert í Danmörku. Ísland er nokkuð framarlega á þessu sviði þótt ekki hafi enn verið sett bann við reykingum í bílum.




## AFGREIÐSLUTÍMI VEGABRÉFS

**Afgreiðslutími vegabréfa er ein vika. Vegabréfið er póstlagt viku eftir að sótt er um en ekki er hægt að sækja vegabréf í afgreiðslu, nema um hraðafgreiðslu sé að ræða. Ef umsækjandi sækir um hraðafgreiðslu og greiðir fyrir hana getur hann sótt vegabréfið í afgreiðslu Þjóðskrár Íslands.**
**Sjá nánar á www.skra.is**






**GREAT SAND DUNES** Andstæðurnar í landslaginu heilluðu ferðalangana. Vegna ákveðinna veðurskilyrða myndast til dæmis geysiháar sandöldur sem rísa skyndilega upp úr sléttunni í Coloradó.





FRAMHALD AF FORSÍÐU

enn villt uppi í fjöllunum. Á öllum tjaldsvæðum í þjóðgörðunum er varað við fjallaljónum og björnum."

Eftir að hafa baðað sig í heitum laugum á leið sinni suður á bóginn gisti hópurinn í borginni Taos, á eina hostelinu í bænum. Hákon segir talsverðan mun á bandarískum hostelum og evrópskum. „Taos er hálfgerð listamannanýlenda og hostelið er rekið af hippum. Þarna var akfeitur köttur og skrítnar styttur um allt hús. Andrúmsloftið var allt voða vinalegt en herbergin ekkert sérstök. Frá Taos fórum við suður til borgarinnar Santa Fe en þar eru ákveðnar byggingareglur þannig að öll húsin verða að líta út á ákveðinn hátt, „pueblo style", þakin rauðum eða gulum leir. Það var mjög skemmtilegt að skoða," segir Hákon og bætir við að andstæðurnar sem hópurinn upplifði á ferðinni hafi gert ferðina ógleymanlega.

„Það var mjög áhugavert að upplifa þessar miklu andstæður bæði í náttúrunni og í menningunni, sem eru í Bandaríkjunum. Til dæmis eftir að hafa skoðað ótrúlega fallega náttúru og listgallerí fyrrihluta dagsins í Santa Fe, þar sem eru fleiri listgallerí á hvern íbúa en í nokkurri annarri borg í Bandaríkjunum, og fallegar indíánabúðir frá miðöldum, heimsóttum við spilavíti rekið af indíánum í eyðimörkinni. Það var mjög áhugavert stopp," segir hann en vill ekki viðurkenna að hafa gert neinar gloríur við spilaborðin. „Nei, við þorðum ekkert að reyna um of á lukkuna," segir hann hlæjandi. **heida@365.is**

**KLETTAFJÖLLIN** Fjallasýnin frá bænum Crestone sem stendur við rætur fjallanna með eyðimörk á aðra hönd. Þar vöknuðu ferðalangarnir upp við dádýr í garðinum og máttu ekki skilja mat eftir í bílnum þar sem birnir gætu runnið á lyktina.

**BAN-DELIER** Indíánabúðir frá miðöldum í Ban-delier þar sem hellar hafa verið hoggnir inn í klettana setja svip sinn á stórbrotið landslagið.

MYNDIR/ARNÓR.IS




# LANGAR ÞIG Í HEIMSREISU?

***Umhverfis heiminn** Lítill vandi er að fara í heimsreisu og þó nokkrir aðilar bjóða upp á ódýrar pakkaferðir þar sem flogið er frá London.*

Marga hefur ef til vill dreymt um að fara í heimsreisu en aldrei látið verða af því. Halda jafnvel að það kosti formúu og ómælda fyrirhöfn. Það þarf hins vegar ekki að vera svo dýrt né flókið. Til er fjöldi ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í ferðum umhverfis heiminn. Þar er boðið upp á samsettar pakkaflugferðir til fastra áfangastaða, en einnig er hægt að sérsníða ferðina og púsla saman áfangastöðum eftir hentugleika.

Undir 1000 pundum er hægt að fá flugfar til nokkurra heimsálfa og mismunandi borga víðs vegar um heim. Einnig er nokkuð frjálst hve lengi er hægt að dvelja á hverjum stað og er ferðin því ekki þrælbundin af dagsetningum. Þannig er til dæmis hægt að fljúga fyrir 900 pund frá London til Hong Kong í Kína, þaðan til Auckland á Nýja Sjálandi, svo til eyjunnar Rarotonga í Kyrrahafinu, þaðan til Los Angeles í Bandaríkjunum og aftur til London. Upphafspunkturinn er ávallt London, þannig að það eina sem þarf að gera er að koma sér þangað og hefja heimsreisuna.

Á heimasíðum ferðaskrifstofa er oft að finna upplýsingar um áfangastaði, gistimöguleika og tengla á ýmsar síður sem geyma fróðleik um áfangastaði og ferðalög.

Á eftirtöldum heimasíðum má finna ferðir umhverfis heiminn:
*www.travel-nation.co.uk,*
*www.roundtheworldflights.com*
*www.statravel.co.uk*
*www.roundtheworldexperts.co.uk.*
**vidir@365.is**



**HONG KONG** Það þarf ekki að vera svo dýrt að ferðast til Hong Kong og víðar.



Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Gvendargeisli 168, Sæmundarskóli

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Grafarholts, austur vegna lóðar Sæmundarskóla við Gvendargeisla 168. Í breytingunni felst að bæta við byggingarreit austan lóðarmarka Sæmundarskóla og koma þar fyrir til bráðabirgða færanlegum kennslustofum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Vatnagarðar, lóðir Eimskipa

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vatnagarða vegna lóða Eimskipa. Í breytingunni felst m.a. stækkun á skipulagssvæði til norðurs og austurs. Byggingareitur fyrir skyggni er komið fyrir vestan við Sundaskála, lóðin að Sundabakka 2-4 er breytt í tvær lóðir, breyting er gerð á lóðamörkun Korngarða 2 og Sundabakka 2-4, fylling framan við Sundabakka er felld úr gildi og einnig eru afmarkaðar tvær lóðir fyrir þjónustustustarfsemi norðan við lóð Kleppsspítala.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 30. maí 2012 til og með 13. júlí 2012**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 13. júlí 2012. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 30. maí 2012
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071






Útboð



# ÚTBOÐ

## EIRHAMRAR ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ MOSFELLSBÆ

**Mosfellsbær, óskar eftir tilboðum í innréttingu þjónustumiðstöðvar að Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ. Verkið nær til að gera húsið fullfrágengið að innan.**

Stærð þjónustumiðstöðvar er 1.180 m²

**Helstu magntölur eru:**

| | | |
|---|---|---|
| Gifsveggir | 150 | m² |
| Dúklagnir | 580 | m² |
| Loftstokkar | 2.500 | kg |
| Lampar og ljós | 250 | stk |
| Ídráttartaugar og strengir | 5.800 | m |

Verkinu skal vera lokið eigi síðar en **12.nóvember 2012**.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt á verkefnavef verksins, lykilorð að útboðsgögnum veitir Karl Ásgrímur Ágústsson karl@thg.is. Einnig er hægt að fá gögnin afhent á geisladisk frá **kl. 11.00 miðvikudaginn 30.maí** n.k. á bæjarskrifstofum Mosfellsbæjar.

Tilboð verða opnuð á bæjarskrifstofum **Mosfellsbæjar**, Kjarna Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ **föstudaginn 15.júní n.k. kl. 14.00** að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Atvinna

Í Strandabyggð búa rúmlega 500 íbúar og er Hólmavík þéttbýlisstaðurinn. Atvinnulíf í sveitarfélaginu er fjölbreytt og skólastarf öflugt, grunnskóli, leikskóli og tónskóli. Nánari upplýsingar um Strandabyggð er að finna á vefsíðunni **www.strandabyggd.is.**

# Strandabyggð auglýsir lausa til umsóknar stöðu sveitarstjóra

Starf sveitarstjóra í Strandabyggð er laust til umsóknar og er leitað eftir kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi til að takast á við krefjandi verkefni.

**Starfssvið sveitarstjóra:**
- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náið samstarf við sveitarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Að gæta hagsmuna Strandabyggðar út á við, vera talsmaður sveitarstjórnar og vinna að framfaramálum
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í ólíkum málaflokkum

**Helstu kostir sveitarstjóra:**
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Áhugi á uppbyggingu samfélagsins, kynningarmálum, ímynd og stefnumótun
- Reynsla af bókhaldi, stjórnun og rekstri
- Þekking á sveitarstjórnarmálum og opinberri stjórnsýslu
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

**Nánari upplýsingar:**

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 12. júní nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**



ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ 2 NETFRELSI AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

✝



Þökkum samúð og hlýhug við andlát og útför sonar okkar og bróður,

**SÆVARS ÞÓRS KRISTÞÓRSSONAR**
**Krókamýri 54, Garðabæ.**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki í Krókamýri fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Erna Þórðardóttir** **Kristþór Sveinsson**
**Sigríður Guðbjörnsdóttir**
**Guðmann Kristþórsson**



✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar og tengdaföður,

**PÁLS SÖLVASONAR**
**frá Bíldudal.**

**Pálína Margrét Bjarnadóttir** **Torbjorn G Wilhelmsen**
**Bjarni Matthías Bjarnason** **Þórdís Jónsdóttir**
**Sölvi Steinberg Pálsson** **Ragnheiður Ólafsdóttir**
**Hafdís Pálsdóttir** **Óli Már Eyjólfsson**
**og fjölskyldur.**



✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÁSBJÖRN PÉTURSSON**
**prentari,**

lést á Landspítalanum laugardaginn 19. maí. Útförin fer fram frá Hjallakirkju fimmtudaginn 31. maí kl. 15.00.

**Jóhanna Sigurjónsdóttir**
**Pétur Ásbjörnsson** **Lára Borg Ásmundsdóttir**
**Guðlaug Ásbjörnsdóttir** **Birgir Ásgeirsson**
**börn og barnabörn.**



✝



Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**INGA MARTA INGIMUNDARDÓTTIR**
**Njörvasundi 27,**

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítala við Hringbraut fimmtudaginn 24. maí. Útför fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 5. júní.

**Sigurður Stefánsson**
**Stefán Ingi Sigurðsson** **Rósa María Guðjónsdóttir**
**Sigurlaug Sigurðardóttir** **Friðþjófur Ó Johnson**
**Svanberg Þór Sigurðsson** **Magnea S. Guðmundsdóttir**
**Jóhanna Sigurðardóttir** **Agnar Már Agnarsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



✝



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**PÁLMI ÓLASON**
**skólastjóri,**

andaðist á Landspítalanum 25. maí sl. Útförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Elsa Þórhildur Axelsdóttir**
**Ytri-Brekkum, Þórshöfn.**



## Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð
Gufuneskirkjugarð Fossvogskirkjugarð
Sólland og Kópavogskirkjugarð



Upplýsingar alla virka daga frá kl. 9 - 16
í síma 585 2700 og 585 2770.

Einnig er hægt að panta beint af vefnum **www.kirkjugardar.is**


# Styrkt til náms í Bandaríkjunum

Sex íslenskir námsmenn hlutu nýverið styrk frá Fulbright-stofnuninni á Íslandi til framhaldsnáms í Bandaríkjunum. Styrkina hlutu Arnaldur Hjartarson, fyrir mastersnám í lögfræði við Yale-háskóla, Brynjólfur Víðir Ólafsson, fyrir doktorsnám í verkfræði við Texas-háskóla, Hafsteinn Dan Kristjánsson, fyrir mastersnám í lögfræði við Harvard-háskóla, Halldór Smárason, fyrir mastersnám í tónsmíðum við Manhattan School of Music, Jón Andri Hjaltason, fyrir mastersnám í verkfræði við Minnesota-háskóla og Katrín Inga Jónsdóttir Hjördísardóttir, fyrir mastersnám í myndlist við School of Visual Arts í New York. Þau veittu styrkjunum viðtöku í móttöku í Þjóðmenningarhúsinu 23. maí.

Á hverju ári veitir stofnunin styrki til íslenskra og bandarískra námsmanna og fræðimanna, til náms, kennslu og rannsókna. Stofnunin hefur verið starfrækt frá 1957 og á þeim tíma hafa 1300 styrkþegar af báðum þjóðernum fengið styrk frá stofnuninni.



**VIÐ VEITINGU VIÐURKENNINGA** Belinda Theriault, framkvæmdastjóri Fulbright á Íslandi, íslensku styrkþegarnir, Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra og Luis Arreaga, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi.



**ÁRNAGARÐUR** Erindi Helgu Hilmisdóttur fer fram í stofu 423 klukkan 16 í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Notkun nú í íslensku máli

Helga Hilmisdóttir heldur fyrirlestur á vegum Íslenska málfræðifélagsins og Málvísindastofnunar Háskóla Íslands í dag, miðvikudaginn 30. maí, klukkan 16 í stofu 423 í Árnagarði. Erindið nefnir hún Tengsl tíðarmerkingar og áherslu: Notkun orðræðuagnarinnar nú í íslensku talmáli.

Í fyrirlestrinum verða kynntar niðurstöður rannsóknar sem fyrirlesari gerði á notkun orðanna nú og núna í íslensku talmáli. Við rannsóknina var stuðst við kenningar og aðferðafræði samskiptamálfræðinnar. Öll umfjöllun byggist því á dæmum úr raunverulegum samtölum sem tekin hafa verið upp og skráð.

Helga er þátttakandi í alþjóðlegu verkefni sem hefur það að markmiði að kortleggja uppruna, þróun og notkun orðræðuagnarinnar nu/no/nu í evrópskum tungumálum.

## AFMÆLISBÖRN



**STEVEN GERRARD** knattspyrnumaður er 32 ára í dag.



**TOM MORELLO** gítarleikari er 48 ára í dag.



**WYNONNA JUDD** kántrítónlistarkona er 48 ára í dag.



**CEE-LO** rappari er 38 ára í dag.


✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GÍSLI GEIR HAFLIÐASON**
**rafvirki,**
**Asparfelli 12,**

lést á Landspítalanum Fossvogi laugardaginn 26. maí.

**Ólöf Jónsdóttir**
**Ingibjörg Ýr Gísladóttir** **Guðmundur Magnússon**
**Jón Níels Gíslason** **Erla Araðóttir**
**Vilborg Kr Gísladóttir** **Sigurður Friðriksson**
**og fjölskyldur.**



✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður og ömmu,

**EYGLÓAR BJÖRNSDÓTTUR.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Þjóðminjasafns Íslands fyrir stuðning og hlýhug.

**Úlfar Ægir Þórðarson** **Salóme Gunnarsdóttir**
**Iris Rán Þorleifsdóttir**
**Þóra Birna Karlsdóttir** **Þórarinn Eggertsson**
**og barnabörn.**





✝



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

**HINRIKA ÁSGERÐUR KRISTJÁNSDÓTTIR**
**frá Bolungarvík,**
**síðast til heimilis á Hrafnistu í Hafnarfirði,**

og ástkær móðursystir okkar,

**GUÐJÓNA HANSÍNA KRISTJÁNSDÓTTIR**
**frá Bolungarvík,**
**síðast til heimilis á Grund í Reykjavík,**

létust föstudaginn 25. maí sl. Útför þeirra fer fram frá Áskirkju í Reykjavík föstudaginn 1. júní kl. 13.00.

**Stefanía Arndís Guðmundsdóttir** **Pétur Valdimarsson**
**Gyða Kristjana Guðmundsdóttir** **Leó Svanur Ágústsson**
**Birna Edda Guðmundsdóttir**
**Guðný Erla Guðmundsdóttir** **Ríkharð Örn Jónsson**
**Guðrún Hansína Guðmundsdóttir** **Guðni Kjartan Þorkelsson**
**Kristján Ríkharð Guðmundsson** **Guðbjörg Bragadóttir**



✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR H ÞORBJÖRNSSON**
**steinsmiður, Barðavogi 14,**

andaðist að dvalarheimilinu Skjóli að morgni mánudagsins 28. maí. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 4. júní kl. 13.00.

**Guðmundur Hall Ólafsson** **Hrafnhildur Þ Ingvadóttir**
**Arndís Ólafsdóttir** **Ciambra Robert Ciambra**
**Gunnhildur Ólafsdóttir** **Yngvi Ólafsson**
**Benedikt Ólafsson** **Sólveig Sveinsdóttir**
**Hilmar Ólafsson** **Lilja Guðmundsdóttir**
**Ólafur Ólafsson** **Linda Helgadóttir**
**afa- og langafabörn.**



✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KAREN VILBERGSDÓTTIR**
**Grænumörk 5,**

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þriðjudaginn 22. maí. Útförin fer fram frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 2. júní kl. 14.00.

**Pétur H. R. Sigurðsson** **Guðrún Gunnarsdóttir**
**Vilbergur Prebensson** **Margrét St. Kristinsdóttir**
**Ólafur Prebensson** **Anna Baldursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**KARL FRIÐRIK HALLBJÖRNSSON**
**Sæviðarsundi 64,**

lést mánudaginn 21. maí á Vattarnesi. Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 31. maí kl. 13.

**Guðríður Valborg Hjaltadóttir**
**Hallbjörn Karlsson** **Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir**
**Hjalti Karlsson** **Vera Yuan**
**Karl Ólafur, Atli Freyr, Dagur Li, Ólöf Stefanía og Embla Margrét**

# Yfir 7000 ánægðir viðskiptavinir



#justsaying

580 7500

Klapparstígur 30

verslun@macland.is

macland

www.macland.is

undralandid.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** nautasteik, **6.** í röð, **8.** duft, **9.** tækifæri, **11.** leita að, **12.** slagorð, **14.** urga, **16.** stefna, **17.** ennþá, **18.** auð, **20.** tveir eins, **21.** spyrja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** helminguð, **3.** umhverfis, **4.** græðgi, **5.** hamfletta, **7.** tónsvið, **10.** eldsneyti, **13.** atvikast, **15.** sál, **16.** utanhúss, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** áb, **8.** mél, **9.** lag, **11.** gá, **12.** frasi, **14.** ískra, **16.** út, **17.** enn, **18.** tóm, **20.** dd, **21.** inna.

**LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** flá, **7.** barítón, **10.** gas, **13.** ske, **15.** anda, **16.** úti, **19.** mn.









# Drusl!?

**BAKÞANKAR**
Svavar Hávarðsson



Í Alþýðuskólanum á Eiðum naut ég þeirra forréttinda að sitja tíma hjá náunga sem heitir Hans Uwe Vollertsen. Hann er mikill tungumálamaður og þrátt fyrir að hafa aðeins dvalið hér á landi í nokkra mánuði þegar þetta var, hafði hann náð undraverðum tökum á íslensku máli. Eitt og annað við okkar ástkæra ylhýra vafðist þó fyrir Hans. Á þeim tíma fannst honum til dæmis óþarfi að hafa á valdi sínu tvö orð yfir sama hlutinn og lagði til að orðin drasl og rusl rynnu saman í nýtt og miklu betra orð. Drusl.

**FYRIR** nokkrum vikum gekk allstór hópur Reykvíkinga út úr húsum sínum með svartan ruslapoka upp á vasann í þeim tilgangi einum að taka til utan dyra. Grænn apríl stóð fyrir átakinu sem var vel kynnt. Verkefnið var einfaldlega að fylla einn poka „af rusli og drasli.“ Þegar ég heyrði þetta varð mér hugsað til kennslustunda á Eiðum og glotti við.

**ÉG** var einn af þessum hópi Reykvíkinga sem húkti eins og girðingarlykkja við það verk að þrífa upp eftir samborgara mína. Gekk meðfram Sæbrautinni og kroppaði eitt og annað úr sjóvarnargarðinum. Ég komst eina 200 metra og þá var pokinn fullur. Sama dag sat ég á rauðu ljósi við gatnamót Kringlumýrar- og Sæbrautar, svona eina 20 metra frá þeim stað sem pokinn minn fylltist. Þar opnaði bílstjórinn sem beið fyrir framan mig hurðina og tæmdi úr öskubakkanum á umferðareyjuna. Aprílvindurinn sá um að feykja innihaldinu í átt til sjávar og yfir þetta litla svæði sem ég hafði farið um á hnjánum litlu fyrr.

**NÚ** bregður svo við að ég er nýkominn úr stuttri veiðiferð til tveggja af fallegustu veiðisvæðum Íslands; Þingvallavatns og Sogsins. Það sem skyggði á gleði mína í þessari stuttu ferð var umgengnin. Dósir og snakkpokar voru í einni klettasprungunni við vatnið. Brunnið einnota grill í þeirri næstu. Við Sogið voru bjórdósir undir steinum! Þeir sem voru við Sogið á undan okkur byrjuðu veiðiferðina á því að tína nagaðar tvírifjur úr trjánum við veröndina á veiðihúsinu, sagði í gestabók.

**ÉG** er farinn að hallast að því að það ætti að taka upp nýyrði Hans Uwe. Bæta drusli í safnið. Ég hef nefnilega ekki orðaforðann til að lýsa skoðun minni á þessu framferði, eða þeim hugsunarhætti og virðingarleysi sem þar býr að baki. Drusl nær samt ekki utan um það sem mér liggur á hjarta. Önnur orð sem mig langar að nota gætu sært viðkvæma svo ég spyr bara: Getum við ekki breytt þessu?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




TOSHIBA DELL acer hp ASUS
FARTÖLVURÝMING
VERÐFALL Á YFIR 80 GERÐUM AF FARTÖLVUM OG SPJALDTÖLVUM !
DELL -30.000
Inspiron N5050 i5/4GB/500
99.990
Fullt verð 129.990
ASUS -30.000
K73SD-TY195V
139.990
Fullt verð 169.990
TOSHIBA -50.000
Qosmio X770-137
189.990
Fullt verð 239.990
SÍÐUSTU DAGARNIR !
TOSHIBA -100.000
Portégé R700-1C2 13.3
249.990
Fullt verð 349.990
acer -40.000
Aspire 5755G-2676G75MN i7
159.990
Fullt verð 199.990
hp -15.000
HP 630
74.990
Fullt verð 89.990
TAKMARKAÐ MAGN ! SÝNINGAREINTÖK OG UMBÚÐALAUSAR Á GEGGJUÐU VERÐI !
20% AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUTÖSKUM !
tl.is
TÖLVU LISTINN
TÖLVULISTINN
Heimilistæki
OPIÐ 10-18
6 VERSLANIR UM ALLT LAND
REYKJAVÍK SUÐURLANDSBRAUT 26 Sími 414 1700
AKUREYRI GLERÁRGÖTU 30 Sími 414 1730
EGILSSTAÐIR KAUPVANGI 6 Sími 414 1735
KEFLAVÍK HAFNARGÖTU 90 Sími 414 1740
SELFOSS AUSTURVEGI 34 Sími 414 1745
HAFNARFJÖRÐUR REYKJAVÍKURVEGI 66 Sími 414 1750

# menning

menning@frettabladid.is



**HALDIÐ VERÐUR** upp á útgáfu bókarinnar Þungir forsetar í Bókabúð Máls og menningar klukkan fimm í dag. Bókin er eftir þau Kára Tulinius og Valgerði Þóroddsdóttur og fyrsta bókin í nýrri ljóðabókaseríu Stellu útgáfu sem ber heitið meðgönguljóð. Seríunni, sem ritstýt er af Kára, Valgerði og Sveinbjörgu Bjarnadóttur, er ætlað að veita nýjum skáldum tækifæri.

# NAUTN AÐ SÝNA Í SKJALDBORGARBÍÓI

**Heimildarmyndin Hreint hjarta eftir Grím Hákonarson bar sigur úr býtum í áhorfendakosningu á Skjaldborgarhátíðinni á Patreksfirði um liðna helgi. Grímur segir mjög ánægjulegt að fá þessi verðlaun fyrir mynd sem hann gerði án nokkurra styrkja.**

Hreint hjarta fjallar um séra Kristin Friðfinnsson, sóknarprest á Selfossi, með áherslu á sálgæsluhlutverk hans, útistöður hans við kirkjuyfirvöld og áhrifin sem þetta hefur á hann sjálfan. Grímur Hákonarson, leikstjóri myndarinnar, leitaði upphaflega til Kristins þegar hann vantaði upplýsingar um störf sveitapresta fyrir kvikmyndahandrit sem hann var að skrifa.

„Ég kannaðist við Kristin, hann hafði fermt frænda minn og maður hafði heyrt ýmsar sögur af honum. Hann tók mér mjög vel og leiddi mig í allan sannleika um hvað hann væri að gera. Mér fannst hann mjög merkilegur karakter og það kom mér á óvart að heyra af ýmsum þeim verkefnum sem hann er fenginn í, til dæmis að kveða niður drauga í íbúðarhúsum og þess háttar. Í framhaldinu bauð Kristinn mér að gera mynd um þetta efni og leyfa mér að fylgjast með störfum sínum og taka allt upp. Frumkvæðið kemur því frá honum en það er ekki fyrr en eftir að við byrjum á myndinni sem þessar deilur innan kirkjunnar koma upp og fléttuðust óumflýjanlega inn í atburðarásina.“

**Vildi gera dauðanum skil**

Með merkilegustu atriðum myndarinnar eru fundir séra Kristins með sóknarbarni sínu og góðvini, Halldóri H. Hafsteinssyni, sem er dauðvona og horfist í augu við það sem fram undan er af algjöru æðruleysi.

„Dauðinn er svo veigamikill þáttur í starfi prestsins og ég lagði mikla áherslu á að gera því skil með einhverjum hætti. Halldór var góður vinur Kristins og meira en viljugur til að taka þátt í þessu og það reyndist algjörlega ómetanlegt. Fjölskylda hans var sömuleiðis hlynnt því að við notuðum efnið, hún hefur fengið að sjá myndina og er mjög ánægð.“

Hlutverk sálusorgarans tekur líka sinn toll, eins og sýnt er í myndinni. „Inntakið er að hann er alltaf að hjálpa öðrum, en eftir því sem líður á myndina þarf hann líka að takast á við eigin vandamál. Þetta reynir mikið á Kristin, því þrátt fyrir stórskorið útlit er hann næmur maður og viðkvæmur hið innra.“

Eftir að hafa aðallega unnið að stærri verkefnum undanfarin ár, síðast leiknu myndina Sumarlandið, segir Grímur það hafa verið góða tilbreytingu að gera litla mynd upp á eigin spýtur. „Mig langaði til að gera eitthvað algjörlega sjálfstætt, leita aftur í ræturnar sem einyrki. Ég keypti myndavél og gerði þessa mynd nánast einn. Það er ekki síst ánægjulegt að fá þessu góðu viðbrögð í ljósi þess að myndin fékk enga styrki.“

**Ákveðinn gæðastimpill**

Grímur segir það hafa talsvert gildi að vinna til verðlauna á Skjaldborgarhátíðinni. „Hátíðin hefur fest sig í sessi og þetta er orðinn ákveðinn gæðastimpill, eykur til dæmis líkurnar á að myndin verði sýnd á RÚV. Þetta er rós í hnappagatið en líka góð kynning. Ég kláraði myndina daginn áður en hún var sýnd; það er gagnlegt að sjá hvernig salurinn brást við og maður fær viðbrögð frá fólki sem gefur manni kost á að snurfusa hana áður en hún verður tekin til sýninga í haust. Þá verður hún vonandi búin að spyrjast vel út yfir sumarið. Svo er líka ákveðin rómantík að frumsýna mynd úti á landi, það er algjör nautn að fá að sýna í Skjaldborgarbíó, þetta er æðislegt hús og gaman að heimamenn fjölmenntu á myndina og tóku henni vel.“

Grímur segir þó stemninguna á Skjaldborg fyrst og fremst vera afslappaða. „Þetta er ekki hátíð sem tekur sig hátíðlega; menn eru ekki skiptast á nafnspjöldum eða landa dílum, þetta eru bara kvikmyndagerðarmenn og kvikmyndaunnendur að hittast og gera sér glaðan dag. Sem er frábært.“ bergsteinn@frettabladid.is



**BREYTTI TIL** „Mig langaði til að gera eitthvað algjörlega sjálfstætt, leita aftur í ræturnar sem einyrki,“ segir Grímur Hákonarson um tilurð myndarinnar Hreint hjarta sem frumsýnd var á Patreksfirði síðastliðinn föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/BERGSTEINN


## Aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna

Afnemum verðtrygginguna og krefjumst leiðréttinga á stökkbreyttum lánum heimilanna!

Hagsmunasamtök heimilanna halda sinn árlega aðalfund, fimmtudaginn 31. maí kl 20:00 í sal Stýrimannaskólans við Háteigsveg. Allar nánari upplýsingar á www.heimilin.is

Allir velkomnir!

ATH: Aðeins félagsmenn hafa atkvæðisrétt á fundinum.


Tónlist ★☆☆☆☆

**Rómeó og Júlía eftir Berlioz**

Sinfóníuhljómsveit Íslands

**Flutt í Eldborgarsal Hörpu 25. maí á Listahátíð í Reykjavík**

## Sviplaust og leiðinlegt

Róméó og Júlía eftir Berlioz er sinfónía, ekki ballett eins og samnefnt verk eftir Prokofiev. Þrír einsöngvarar koma fram með hljómsveitinni, líka kór. Tónlistin er falleg, í henni eru mörg hrífandi augnablik. Laglínurnar eru magnaðar, hljómarnir töfrandi. Framvindan er oft óvænt; áheyrandanum er komið á óvart hvað þið eftir annað.

Tónlistin er vandasöm í flutningi. Hún er býsna löng, tekur rúman einn og hálfan tíma. Mikilvægt er að þráðurinn slitni ekki, að margbreytileiki tónmálsins fái að njóta sín í alls konar blæbrigðum. Þau þurfa að vera almennilega mótuð. Svo verður að vera spenna í túlkuninni.

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Listahátíð var boðið upp á þetta stórvirki. Því hefði betur verið sleppt.

Fyrir það fyrsta réð hljómsveitarstjórinn, Ilan Volkov, ekkert við það. Jú, auðvitað er hann flinkur stjórnandi með nákvæmar bendingar. En það er ekki nóg.

Í tónlist Berlioz er allt litróf mannlegra tilfinninga og túlkunin þarf að endurspegla það. Það gerði hún ekki hér. Volkov var eins og leikari í spagettívestra. Hann sýndi bara tvö svipbrigði. Annað hvort var allt á fullu í tónlistinni, eða það ríkti alger ládeyða.



Hector Berlioz

Með sinfóníunni sungu þrír kórar í mismunandi samsetningum. Þetta voru Söngsveitin Fílharmónía, Hljómeyki og Kór Áskirkju (undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar). Segjast verður eins og er að það kom ekki vel út. Lágstemmdur söngurinn í einum kaflanum, Líkfylgd Júlíu, var undarlega drafandi og loðinn. Svipaða sögu er að segja um flest önnur kóratriði í verkinu.

Eins og áður sagði koma þrír einsöngvarar við sögu. Hlutverk tveggja þeirra eru ekki mjög veigamikil. Hér voru þau í höndum Guðrúnar Jóhönnu Ólafsdóttur og Sveins Dúa Hjörleifssonar. Guðrún Jóhanna söng vissulega fallega, en rödd hennar er ekki nægilega dramatísk fyrir þetta hlutverk. Minna var varið í Svein Dúa. Hann hefur prýðilega rödd, en textaframburður og túlkun var óttalega stirðbusaleg. Það var eins og að heyra góðan nemanda syngja. Varla við hæfi á Sinfóníutónleikum, hvað þá á Listahátíð.

Bestur var Nicolas Cavallier, sem var með réttu röddina fyrir þessa tónlist og söng af viðeigandi tilfinningu. Því miður fékk maður bara að njóta hans seint í verkinu.

Jónas Sen

**Niðurstaða:** Litlaus túlkun hljómsveitarstjóra, drafandi kórsöngur og mistækir einsöngvarar.




# BIBLÍA GARÐEIGANDANS

LOKSINS FÁANLEG Á NÝ!




*Stóra garðabókin* kveikir nýjar hugmyndir og vekur athygli á þeim fjölmörgu möguleikum sem felast í garðrækt á Íslandi




LÆRÐU ALLT UM:

- TRÉ OG RUNNA
- SKRÚÐPLÖNTUR
- NYTJAPLÖNTUR
- RÉTTU VERKFÆRIN
- GRÓÐURSETNINGU
- UMHIRÐU
- GRÓÐURHÚS
- SKIPULAG GARÐA

FORLAGIÐ

3000 LITMYNDIR



www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu



**HRESS DÓMNEFND** Dómnefndin brá á leik á rauða dreglinum. Frá vinstri, leikstjórinn Alexander Payne, fatahönnuðurinn Jean-Paul Gaultier, leikkonan Emmanuelle Devos, leikstjórinn Andrea Arnold, leikstjórinn og formaður dómnefndar Nanni Moretti, leikstjórinn og framleiðandinn Raoul Peck, leikkonan og leikstjórinn Hiam Abbass, leikarinn Ewan McGregor og leikkonan Diane Kruger. NORDICPHOTOS/AFP



**KJÓLL HÁTÍÐARINNAR** Það voru margir fagrir kjólar sem voru frumsýndir í Cannes þetta árið en þessi Dior-kjóll sem leikkonan Diane Kruger klæddist á lokakvöldi hátíðarinnar sló hina út. Dragsíður með stífu undirpilsi og því spurning hvernig Kruger hafi gengið að setjast niður í kjólnum þegar líða tók á kvöldið.

# CANNES Á ENDA

**Það var öllu tjaldað til á lokakvöldi Kvikmyndahátíðarinnar í Cannes á mánudagskvöldið. Eftirsóttustu verðlaun hátíðarinnar, Gullpálminn, runnu til myndarinnar Amour eftir ástralska leikstjórann Michael Haneke en athygli vakti að Bandaríkin áttu engan fulltrúa meðal verðlaunahafa. Prúðbúnir gestir fögnuðu meðal annars danska leikaranum Mads Mikkelsen er hann tók á móti verðlaunum sem besti leikarinn.**



**BESTI LEIKARINN** Danski leikarinn Mads Mikkelsen var valinn leikari ársins fyrir túlkun sína á kennara sem er ranglega ásakaður um að misnota nemanda sinn í myndinni Jagten eftir leikstjórann Thomas Vinterberg.

## VINNINGSHAFAR 2012

**Gullpálminn 2012:** Amour eftir Michael Haneke
**Grand Prix:** Reality eftir Matteo Garrone
**Besti leikstjórinn:** Carlos Reygadas fyrir Post Tenebras Lux
**Verðlaun dómnefndar:** The Angel's Share eftir Ken Loach
**Besti leikarinn:** Mads Mikkelsen í Jagten eftir Thomas Vinterberg
**Besta leikkonan:** Cristina Flutur og Cosmina Stratan í Dupa Dealuri eftir Christina Mungiu
**Besta handritið:** Cristina Mungiu fyrir Dupa Dealuri
**Gullpálminn fyrir stuttmynd ársins:** Sessiz-Be Deng eftir L. Rezan Yesilbas

# Sterkari fyrir barneignir

Leikkonan Cameron Diaz fer með eitt af aðalhlutverkunum í gamanmyndinni What to Expect When You Are Expecting þar sem hún leikur ólétta konu. Diaz telur að það þurfi sterkan kropp til að geta staðið undir álaginu sem fylgir meðgöngu.

„Ef ég ætti von á barni mundi ég vilja vera sterkari en ég er. Ef ég þyrfti að koma barni út, halda á því og sofa lítið mundi ég vilja vera í góðu formi til að takast á við það," sagði leikkonan.

Auk Diaz fara Jennifer Lopez, Brooklyn Decker og Elizabeth Banks með hlutverk í kvikmyndinni.



**VILL VERÐA STERKARI** Cameron Diaz telur að það þurfi sterkan kropp til að ganga með barn. NORDICPHOTOS/GETTY


SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| SNOW WHITE AND HUNT.. | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| SNOW WHITE AND HU.. VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| THE RAVEN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 | 2D | 12 |
| THE LUCKY ONE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10:50 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 5:40 - 10 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 8 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| RAVEN | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| THE AVENGERS | KL. 5:10 | 3D | 10 |
| THE LUCKY ONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| SAFE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| SNOW WHITE AND HUNT.. | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| THE RAVEN | KL. 10:30 | 2D | 16 |
| MEN IN BLACK 3 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 10 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 10:40 | 2D | 12 |
| DARK SHADOWS | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 5:20 - 8 | 3D | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE RAVEN | KL. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| THE LUCKY ONE | KL. 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 5:40 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 6 - 9 | 3D | 10 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| SNOW WHITE AND THE HU.. | KL. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is



SMÁRABÍÓ midi.is HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| SNOW WHITE AND THE... | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| SNOW WHITE AND THE... LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 3.30 - 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| MIB 3 2D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| THE DICTATOR | KL. 3.30 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| LORAX - ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| SNOW WHITE AND THE HUNTSMAN | KL. 6 - 9 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 6 - 9 | 10 |
| SALMON FISHING IN THE YEMEN | KL. 8 | 10 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 10.30 | 12 |
| GRIMMD: SÖGUR AF EINELTI | KL. 5.45 | 10 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10.30 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SNOW WHITE AND THE... | KL. 5.45 - 8 - 10.20 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 8 - 10.10 | 10 |
| THE DICTATOR | KL. 6 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| SNOW WHITE | 4, 7, 10 |
| MEN IN BLACK 3 3D | 5.45, 8, 10.15 |
| THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT | 5, 8, 10.25 |
| LORAX 3D - ISL TAL | 4 |



Landsins mesta úrval af lífrænum vörum



# Afsláttardagur

10% afsláttur af öllum vörum

Rauðarárstígur 10
105 Reykjavík
Sími: 562 4082
www.yggdrasill.is

Verslunin er staðsett við hliðina á Hlemm. Það er tilvalið að gera stórinnkaupin á afsláttardeginum.

Yggdrasill



MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




MIÐVIKUDAGUR: **TYRANNOSAUR** 18:00, 20:00, 22:00 ■ I AM SLAVE 18:00, 22:00 ■ CORIOLANUS 20:00, 22:30 ■ JANE EYRE 17:30 ■ IRON SKY 20:00, 22:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS)* 17:40, 22:00

6. JÚNÍ: **SUMARTÍÐ** (L'Heure d'été) eftir OLIVIER ASSAYS!

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# Of þreytt fyrir Tókýó

Lana Del Rey hætti við að halda tónleika í Tókýó í Japan vegna ofþreytu. Bandaríska söngkonan ætlaði að stíga á svið í Tókýó fyrr á árinu en frestaði tónleikunum þar til í maí. Núna þurfti hún aftur að biðja aðdáendur sína í Japan afsökunar.

„Mér þykir mjög leitt að geta ekki heimsótt Japan. Mig langaði virkilega að syngja þar og ég hlakka til að halda tónleika þarna fyrir aðdáendur mína,“ sagði hún í yfirlýsingu sinni. Á Twitter bætti hún við: „Vildi óska að ég væri í Tókýó en því miður er ég veik. Hugsa til ykkar og ég kem í heimsókn bráðum.“



**HÆTTI VIÐ** Söngkonan Lana Del Rey hætti við tónleika sína í Tókýó.

# Flutti treg til LA

Sænska leikkonan Noomi Rapace veitti New York Times Magazine viðtal fyrir stuttu og ræðir meðal annars samband sitt og fyrrum eiginmanns síns, æskuárin á Íslandi og flutningana til Los Angeles.

Rapace segist hafa verið treg til að flytja til Hollywood og hafi óttast að henni mundi ekki líða vel í borginni. „Ég hélt að LA snerist aðeins um stórstjörnur, rauða dregla og stór brjóst. Ég sagði við umboðsmann minn að ég vildi ekki flytja til Hollywood og frekar einbeita mér að alvöru kvikmyndum. Hún spurði mig á móti hvaða fólki ég dáðist helst að í kvikmyndabransanum og ég nefndi nokkur nöfn og þá sagði hún: „Þetta fólk býr allt í LA.“ Það var þó aldrei draumur minn að flytjast þangað því mig langar frekar að takast á við erfið og skrítin hlutverk,“ sagði leikkonan.

Rapace fer með eitt aðalhlutverkanna í stórmyndinni Prometheus sem er leikstýrt af Ridley Scott og var að hluta til tekin upp hér á landi.



**DREYMDI EKKI UM HOLLYWOOD** Noomi Rapace dreymdi ekki um að flytja til Hollywood. NORDICPHOTOS/GETTY



**TEKUR BREYTINGUM** Fatastíll Kim Kardashian hefur þróast frá því hún tók saman við Kanye West. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kim breytir um fatastíl

Fjölmiðlar og tískuspekúlantar hafa haft orð á því að fatastíll raunveruleikaþáttastjörnunnar Kim Kardashian hafi breyst til muna eftir að hún tók saman við rapparann Kanye West. „Kanye hefur rætt við Kim um fatastíl hennar og vill að hún verði líkari honum í klæðavali. Hann vill að hún þróist í tískufyrirmynd og hefur hvatt hana til að vera óhræddari þegar kemur að tísku,“ sagði heimildarmaður í viðtali við The Sun. Samkvæmt honum hefur stíll Kardashian þróast úr litríkum kjólum í látlausari og stílhreinni flíkur frá því hún tók saman við tónlistarmanninn.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 30. maí 2012**

### Fundir

**17.15** Borgarbókasafn Reykjavíkur efnir til vikulegra kynningarfunda um forsetaembættið í aðalsafni sínu, Tryggvagötu 12. Fundirnir eru ætlaðir almenningi og öllum opnir. Á þessum öðrum fundi munu frambjóðendurnir Ari Trausti Guðmundsson, Hannes Bjarnason og Þóra Arnórsdóttir taka til máls.

### Hátíðir

**16.30** Opið hús verður að Hallveigarstöðum, Túngötu 14, í tilefni af 95 ára afmæli Bandalags Kvenna í Reykjavík. Boðið verður upp á kaffi, meðlæti og skemmtiatriði.

### Tónlist

**20.30** Kvintettinn Mók spilar jazzlög úr ýmsum áttum á Café Haiti. Aðgangur er ókeypis.

**21.30** Saints of Boogie street flytur helstu perlur Leonard Cohen á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

### Bækur

**17.00** Útgáfuhóf verður haldið í Bókabúð Máls og Menningar í tilefni af útkomu ljóðabókarinnar Þungir forsetar eftir Valgerði Þóroddsdóttur og Kára Tulinius.

### Leiðsögn

**17.30** Arna Valsdóttir leiðir gest i um sýningina Staðreynd 5...brotabrot...oggolítill óður til kviksjárinnar, í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi

### Fyrirlestrar

**12.15** Háskóli Reykjavíkur býður til fyrirlestraraðar undir yfirskriftinni Verkin tala í stofu V102. Baldur Þorgilsson talar undir yfirskriftinni Göngum til góðs - Gönguróbot til að prófa gervifætur. Aðgangur er ókeypis.

**16.00** Helga Hilmisdóttir heldur fyrirlestur á vegum Íslenska málfræðifélagsins og Málvísindastofnunar Háskóla Íslands í stofu 423 í Árnagarði.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**


Samfélagssjóðir Auðar
auglýsa eftir styrkumsóknum

Gjafir sem auðga lífið

Vinnum saman að betri framtíð
Auður hefur frá upphafi lagt áherslu á ábyrga hegðun í allri sinni starfsemi. Við trúum því að við getum öll lagt okkar af mörkum til að byggja upp heilbrigt samfélag. Þess vegna vill Auður leggja þeim lið sem stuðla að jákvæðri uppbyggingu og framförum.

Hvatning til góðra verka
Umsækjendur eru hvattir til að skilgreina verkefnið vel, sýna fram á hvernig það fellur að markmiði viðkomandi sjóðs og tilgreina hversu háa fjárhæð sótt er um og/eða hverskonar vinnuframlag.

AUÐUR CAPITAL
Ábyrg arðsemi - mannleg nálgun

AlheimsAuður
AlheimsAuður er samfélagssjóður ætlaður til að hvetja konur til frumkvæðis og athafna, einkum í þróunarlöndum. Auður leggur 1% af hagnaði sínum í sjóðinn og býður viðskiptavinum að gera slíkt hið sama. Stjórn AlheimsAuðar tekur ákvörðun um úthlutun styrkja.

Dagsverk Auðar
Dagsverk Auðar er samfélagsverkefni starfsmanna Auðar. Dagsverkið felst í því að starfsmenn gefa andvirði dagslauna á hverju ári í verðugt málefni. Ennfremur vinna allir starfsmenn Auðar sem nemur einum vinnudegi á ári í þágu góðs málefnis. Starfsmenn Auðar velja verkefni sem hljóta fjár- eða vinnuframlag.

Umsóknarfrestur er til þriðjudagsins 5. júní 2012.

Styrkjum verður úthlutað þann 19. júní 2012.

Umsóknum má skila á audur@audur.is

Nánari upplýsingar á www.audur.is



Auður Capital | Borgartúni 29
Sími: 585 6500 | www.audur.is

# sport

sport@frettabladid.is



**ÍSLENSKA KARLALANDSLIÐIÐ** í knattspyrnu er á ferðinni í Svíþjóð í kvöld þar sem strákarnir spila vináttulandsleik við heimaland íslenska landsliðsþjálfarans, Lars Lagerbäck. Þetta er annar leikur strákanna á skömmum tíma en þeir töpuðu naumlega gegn Frökkum um helgina. Leikurinn hefst klukkan 18.15 og er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

## ÚRSLIT

### Pepsi-deild kvenna:

**Afturelding-ÍBV 0-3**
0-1 Shaneka Gordon (39.), 0-2 Shaneka Gordon (54.), 0-3 Vesna Smiljkovic (62.).

**Fylkir-KR 1-1**
0-1 Alma Rut Garðarsdóttir, víti (20.), 1-1 Rut Kristjánsdóttir (61.)

**Breiðablik-Selfoss 7-1**
0-1 Valorie O'Brien (5.), 1-1 Fanndís Friðriksdóttir (12.), 2-1 Björk Gunnarsdóttir (16.), 3-1 Fanndís Friðriksdóttir (29.), 4-1 Fanndís Friðriksdóttir (40.), 5-1 Rakel Hönnudóttir (45.), 6-1 Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir (52.), 7-1 Rakel Hönnudóttir (87.)

**Valur-Stjarnan 1-2**
0-1 Ashley Bares (32.), , 0-2 Ásgerður S. Baldursdóttir (48.), 1-2 Mist Edvardsdóttir (51.)

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Breiðablik** | **4** | **3** | **1** | **0** | **12-2** | **10** |
| Þór/KA | 4 | 3 | 1 | 0 | 9-3 | 10 |
| **Stjarnan** | **4** | **3** | **0** | **1** | **8-5** | **9** |
| ÍBV | 4 | 2 | 0 | 2 | 8-7 | 6 |
| **Fylkir** | **4** | **1** | **2** | **1** | **3- 4** | **5** |
| Valur | 4 | 1 | 1 | 2 | 8-8 | 4 |
| **FH** | **4** | **1** | **1** | **2** | **7-8** | **4** |
| Selfoss | 4 | 1 | 1 | 2 | 7-15 | 4 |
| **KR** | **4** | **w0** | **2** | **2** | **5-8** | **2** |
| Afturelding | 4 | 0 | 1 | 3 | 1-8 | 1 |

### Pepsi-deild karla:

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍA** | **5** | **4** | **1** | **0** | **9-5** | **13** |
| KR | 5 | 3 | 1 | 1 | 10-7 | 10 |
| **FH** | **5** | **3** | **1** | **1** | **6-3** | **10** |
| Stjarnan | 6 | 2 | 3 | 1 | 11-10 | 9 |
| **Keflavík** | **5** | **2** | **1** | **2** | **8-5** | **7** |
| Selfoss | 5 | 2 | 1 | 2 | 8-8 | 7 |
| **Fylkir** | **5** | **1** | **3** | **1** | **7-6** | **6** |
| Fram | 5 | 2 | 0 | 3 | 6-7 | -6 |
| **Valur** | **5** | **2** | **0** | **3** | **5-6** | **6** |
| ÍBV | 6 | 1 | 2 | 3 | 8-8 | 5 |
| **Breiðablik** | **5** | **1** | **1** | **3** | **1-6** | **4** |
| Grindavík | 5 | 0 | 2 | 3 | 8-16 | 2 |

**NÆSTU LEIKIR:**

| | |
|---|---|
| **Selfoss - Breiðablik** | **Á morgun kl. 19.15** |
| Valur - Keflavík | Á morgun kl. 19.15 |
| **FH - Fylkir** | **Laugardagur kl. 14.00** |
| Grindavík - ÍA | Laugardagur kl. 16.00 |
| **Fram - KR** | **Laugardagur kl. 16.00** |

**Tryggvi Guðmundsson** skoraði sitt 127. mark í efstu deild í gær og sitt 73. mark fyrir ÍBV í efstu deild. Hann átti bæði þessi met með þeim Inga Birni Albertssyni og Steingrími Jóhannessyni en er nú einn í efsta sæti.

**ÍBV 4-1 Stjarnan**

Hásteinsvöllur, áhorf.: 591 Vilhjálmur Þórarinsson (8)

**0-1 Alexander Scholz (65.), 1-1 Brynjar Gauti Guðjónsson (71.), 2-1 Christian Steen Olsen (74.), 3-1 Tryggvi Guðmundsson (76.), 4-1 Ian Jeffs (90.)**

**Skot (á mark):** 14-6 (9-4)
**Varin skot:** Abel 3 - Ingvar 5

**ÍBV (4-5-1):** Abel Dhaira 5 - Arnór Eyvar Ólafsson 6, Brynjar Gauti Guðjónsson 7, Rasmus Christiansen 6, Matt Garner 6 - Guðmundur Þórarinsson 6, George Baldock 6, Víðir Þorvarðarson 6 (66., Ian Jeffs 7), ***Tryggvi Guðmundsson 8** (83., Ragnar Leósson -), Tonny Mawejje 6 - Christian Olsen 7 (90., Gunnar Már Guðmundsson -).

**STJARNAN (4-5-1):** Ingvar Jónsson 5 - Jóhann Laxdal 5, Baldvin Sturluson 5, Alexander Scholz 6, Hörður Árnason 5 - Daníel Laxdal 5, Atli Jóhannsson 5 (46., Bjarki Páll Eysteinsson 5), Halldór Orri Björnsson 6, Mads Laudrup 6 (85., Snorri Páll Blöndal -), Gunnar Örn Jónsson 5 - Kennie Knak Chopart 5

* MAÐUR LEIKSINS

# Þetta er mikil áskorun fyrir liðið

**Það er allt undir hjá stelpunum okkar í Vodafone-höllinni í kvöld er þær taka á móti firnasterku liði Spánverja í undankeppni EM. Leikurinn verður að vinnast ef íslenska liðið ætlar að komast í lokakeppni EM.**

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið spilar gríðarlega mikilvægan leik gegn Spáni í Vodafone-höllinni í kvöld klukkan 19.30.

Þetta er næstsíðasti leikur liðsins í undankeppni EM en íslensku stelpurnar þurfa að vinna báða leikina sem eftir eru til þess að eygja von um að komast í úrslitakeppni EM.

Stelpurnar eru tveimur stigum á eftir bæði Spáni og Úkraínu og tapaði fyrri leikjunum gegn þessum þjóðum.

Spænska liðið er eitt af þeim sterkari í heiminum. Liði vann brons á síðasta HM og tryggði sig svo inn á Ólympíuleikana um helgina. Það verður því við ramman reip að draga hjá stelpunum okkar.

„Það er klárt mál að þetta verður hrikalega erfitt og þessi leikur er mikil áskorun fyrir liðið. Að sama skapi hefur liðið sýnt mikinn stöðugleika í síðustu leikjum og spilað vel gegn bæði sterkari og slakari liðum. Ég hef því góða tilfinningu fyrir þessu en það er klárt að við þurfum að eiga mjög góðan dag til þess að vinna," sagði landsliðsþjálfarinn, Ágúst Þór Jóhannsson, en fyrri leikur liðanna tapaðist með fimm marka mun, 27-22.

„Í fyrri leiknum gegn Spáni spiluðum við illa og mér fannst halla rosalega á okkur í dómgæslunni. Engu að síður vorum við alls ekki að spila nægilega góðan leik



**ALLT UNDIR Í KVÖLD** Stella Sigurðardóttir og félagar í íslenska kvennalandsliðinu þurfa að eiga toppleik gegn afar sterku spænsku liði í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

og okkur vantaði þess utan örvhenta skyttu. Við erum í betra standi núna til þess að takast á við spænska liðið."

Stelpurnar hafa sýnt að þeim hentar ágætlega að spila með bakið upp við vegginn eins og raunin er í dag. Leikurinn er í raun ekkert annað en bikarúrslitaleikur.

„Við þekkjum þessa stöðu vel og komum okkur í þessa stöðu. Á HM í Brasilíu urðum við að vinna Þýskaland og við gerðum það. Það er sama staða upp á teningnum núna. Við setjum þá kröfu á okkur sjálf að vinna heimaleikina og það verður allt lagt undir í þessum leik. Ef við náum upp góðum leik þá er ég sannfærður um að við náum upp góðum úrslitum."

Þjálfarinn segist ekki vera með neina sérstaka ása upp í erminni fyrir leikinn heldur muni liðið spila á sínum styrkleikum.

„Við komum til með að vera grimmari í vörninni núna en síðast. Nú á að mæta þeim framar og gefa eftir línuspilið. Stóra atriðið er samt að koma sér til baka. Klára sóknirnar og fá ekki ódýr mörk í bakið. Það er algjört lykilatriði."

Ágúst segir gaman að sjá þá vakningu sem sé að verða hjá landanum með kvennahandboltann. Áhorfendamet var sett á dögunum er rúmlega 1.800 manns sáu oddaleik Vals og Fram um Íslandsmeistaratitilinn. Ágúst vonast til þess að áhorfendur fjölmenni aftur á Hlíðarenda í kvöld.

„Með góðum stuðningi þá eigum við möguleika. Við þurfum að fá 2.000 manns á þennan leik. Ég óska þess og vona að fólk fjölmenni og styðji stelpurnar í þessum mikilvæga leik."

Stelpurnar halda eftir þennan leik til Úkraínu þar sem þær spila lokaleik sinn í riðlinum um helgina. **henry@frettabladid.is**

Tryggvi Guðmundsson gerbreytti Eyjaliðinu og bætti markametið í fyrsta leik:

# Draumaendurkoma í Eyjum

**FÓTBOLTI** Tryggvi Guðmundsson sneri aftur inn í lið ÍBV í gær eftir að hafa misst af fimm fyrstu leikjum tímabilsins vegna meiðsla. Hann gerbreytti sínu liði sem hafði aðeins fengið tvö stig í fyrstu fimm umferðunum og ÍBV vann 4-1 sigur á sterku Stjörnuliði. Tryggvi skoraði þriðja mark ÍBV beint úr aukaspyrnu og bætti með því markamet sitt og Inga Björns Albertssonar.

„Markametið er komið og þá getum við hætt að tala um það. Við erum búnir að vera í basli í byrjun móts og náum okkar fyrsta sigri. Núna er það bara að mjaka sér upp deildina. Það er ágætt að enda þetta hraðmót á sigri," sagði Tryggvi í leikslok. „Ég er bara fínn, ég finn ekkert fyrir þessum blessaða tappa. Ég var bara nokkuð sprækur í þessum leik. Kláraði 83 mínútur og var kannski aðeins of þungur á mér, eðlilega en þetta lítur bara vel út."



**TVÖ MET Í EINU SKOTI** Tryggvi bætti bæði markamet ÍBV og markametið í efstu deild. FRÉTTBLAÐIÐ/STEFÁN

Eyjamenn voru sterkari en það var Alexander Scholz sem kom Stjörnunni í 1-0 á 65. mínútu með skoti af stuttu færi eftir horn.

„Mér fannst þetta jafn fyrri hálfleikur og ef eitthvað var vorum við hættulegri á móti vindinum. Það er ekki hægt að fá á sig svona mörg mörk úr föstum leikatriðum. En sem betur fer var nóg eftir í tanknum hjá okkur og Brynjar Gauti skorar þetta fáránlega mark. Ég hljóp þá í markið og næ í boltann vegna þess að ég hafði það á tilfinningunni að við værum að fara að fylgja þessu eftir og það gerðist," sagði Tryggvi.

Eyjamenn gerðu út um leikinn með þremur frábærum mörkum á aðeins sex mínútum. Brynjar Gauti Guðjónsson skoraði það fyrsta með frábæru skoti af 30 metra færi, Christian Olsen labbaði síðan í gegnum Stjörnuvörnina og svo var komið að Tryggva Guðmundssyni að skora beint úr aukaspyrnu. Magnús Gylfason sendi Ian Jeffs inn á völlinnn strax eftir mark Stjörnumanna og það var hann sem innsiglaði 4-1 sigur Eyjaliðsins í blálokin. **- re, óój**



**FANNDÍS FRIÐRIKSDÓTTIR** Fyrsta þrennan í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL.

Breiðablikskonur á toppinn:

# Fanndís með 3

**FÓTBOLTI** Fanndís Friðriksdóttir skoraði þrennu á fyrstu 40 mínútunum þegar Breiðablik vann 7-1 sigur á nýliðum Selfoss í gær og komst í efsta sæti Pepsi-deildar kvenna. Valorie O'Brien kom Selfossi í 1-0 á 5. mínútu en Blikar svöruðu með fimm mörkum fyrir hlé. Fanndís skoraði þrjú þeirra og hin mörkin skoruðu þær Björk Gunnarsdóttir og Rakel Hönnudóttir. Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir og Rakel innsigluðu síðan sigurinn. **- óój**

ÞÓR HF

Alvöru áhöld og tæki
í garðinn og sumarbústaðinn

Krókhálsi 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 461-1070

www.thor.is



Kvennalið Vals dregst aftur úr í Pepsi-deild kvenna:

# Stjörnukonur á skriði

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar Stjörnunnar eru komnar á skrið í Pepsi-deild kvenna eftir 2-1 sigur á Val á Vodafonevellinum á Hlíðarenda í gær. Stjarnan tapaði óvænt fyrir Þór/KA í fyrsta leik en hefur síðan fylgt því eftir með þremur sigrum í röð. Valskonur hafa aðeins náð í einn sigur og samtals fjögur stig í fyrstu fjórum umferðunum.

Ashley Bares kom Stjörnunni í 1-0 með glæsimarki á 32. mínútu og Ásgerður Baldursdóttir bætti síðan við öðru marki á 48. mínútu. Mist Edvardsdóttir minnkaði muninn á 51. mínútu en Valsliðinu tóks ekki að jafna metin. - **óój**



**ÞRÍR Í RÖÐ** Stjörnukonur fagna hér sigri á Val í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

*Nýtt tákn um gæði*

Kauptu þennan í dag. Settu gamla bílinn uppí nýjan Ford Focus á hagstæðu verði í dag.

# Nýjasta spartæknin í Ford Focus heitir á útlensku EcoBoost

*Komdu í kaffi. Kynntu þér spartækni Ford.*



## Lífið er egóbúst

**Ford Focus með EcoBoost**
**Vortilboðið frá 3.450.000 kr.**
Mánaðargreiðsla frá 28.706 kr.*
Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,90%

Kraftmikill
**Focus með EcoBoost**
6 gíra beinskiptur
125 hestöfl

Eldsneytisnotkun
**Focus með EcoBoost**
Frá 4,4 lítrum á 100 km í langkeyrslu

*Þú færð Focus einnig sem skutbíl. Komdu, reynsluaktu Ford.*

**Notaða Focus vantar á söluskrá**
Settu eldri Focus uppí nýjan

Frítt í stæði
**Focus með EcoBoost**
Minni útblástur
$CO_2$: 114 g/km

Spyrðu um verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár

# Opið í dag

*Komdu og skoðaðu Ford milli kl. 9 - 17 í dag, Bíldshöfða 6*

**Settu gamla bílinn uppí nýjan**

*Tökum allar tegundir bíla uppí nýja*

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

** Miðað er við óverðtryggðan grænan Ergo bílasamning til 7 ára og uppítökubíl að verðmæti 1.700.000 kr. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.*

> **Stöð 2 Sport kl. 18.05**
**Svíþjóð - Ísland**

***Bein útsending frá vináttulandsleik Svíþjóðar og Íslands á Gamla Ullevi. Íslenska liðið átti góðan leik gegn Frökkum á sunnudag og það er greinilega góð stemmning í liðinu hjá Lars Lagerbäck, hinum sænska landsliðsþjálfara Íslands.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ TINNA RÓS STEINSDÓTTIR ER EUROVISION-FÍKILL

# *Get ekki beðið eftir næstu keppni*

Flestir eru eflaust komnir með nóg af umfjöllum um Eurovision og öllu því sem þeirri ágætu keppni tengist. Fólk er jafnvel farið að hlakka til að geta flett blöðum án þess að sjá myndir af Jónsa og Gretu eða lesa slúðurpistla um einhvern erlendu keppendanna sem enginn veit hver er. Ég er ekki ein þeirra! Sorg mín á sunnudaginn var ekki yfir því að við lentum í hinu virðulega 19. sæti í keppninni kvöldið áður heldur var hún vegna þess að nú þarf ég að bíða í nokkra mánuði eftir að næsta keppni hefjist. Ekki batnaði það svo þegar ég las grein þess efnis að dúlluspaðarnir í Jedward ætli sér ekki að mæta til leiks í þriðja skiptið í röð á næsta ári.



Verandi sjálfskipaður Eurovision-sérfræðingur Fréttablaðsins hef ég tekið hlutverk mitt afskaplega alvarlega og gjörsamlega búið í Eurovision-heimi undanfarnar vikur, með tilheyrandi internetvafri og lagahlustun. Það er sama að hverju ég reyni að leita að á Youtube þessa dagana, alltaf koma þeir með einhverjar tillögur að Eurovision-lögum sem ég kynni að vilja hlusta á. Þeir eru farnir að þekkja mig vandræðalega vel! Þökk sé Youtube, Eurovision-geisladiskunum mínum og upptökum af keppninni aftur til ársins 1982 sé ég þó fyrir mér að ég nái að trappa mig niður hægt og rólega og verði jafnvel komin á upphafsreit þegar keppnin fer loks aftur af stað. Johnny Logan, Sandra Kim og álíka snillingar munu að minnsta kosti áfram óma í mínum græjum á næstu vikum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Sögur af misgóðum mönnum **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fuglarnir **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Jean Jacques Rousseau - þriggja alda minning **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Strákur að norðan **23.08** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix** (20:26) (Phineas and Ferb)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (34:42) (Classic Cartoon)
**18.30 Gló magnaða** (60:65) (Kim Possible)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veðurfréttir**
**19.30 Landsleikur í handbolta** (Ísland - Spánn) Bein útsending frá leik kvennaliða Íslands og Spánar í forkeppni Evrópumóts landsliða.
**21.10 Bræður og systur** (106:109) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti. Meðal leikenda eru Dave Annable, Calista Flockhart, Balthazar Getty, Rachel Griffiths, Rob Lowe og Sally Field.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Viðtalið** (Stefan Füle) Bogi Ágústsson ræðir við Stefan Füle stækkunarstjóra Evrópusambandsins. Dagskrárgerð: Karl Sigtryggsson.
**22.50 Hvað gengur að Grikkjum?** (Vad är det för fel på grekerna?) Sænskur fréttaskýringarþáttur um ástandið í Grikklandi.
**23.50 Landinn** (e)
**00.20 Fréttir**
**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Living Out Loud**
**10.00 Martian Child**
**12.00 Ástríkur á Ólympíuleikunum**
**14.00 Living Out Loud**
**16.00 Martian Child**
**18.00 Ástríkur á Ólympíuleikunum**
**20.00 The Hangover**
**22.00 Observe and Report**
**00.00 Balls of Fury**
**02.00 Jesse Stone: Thin Ice**
**04.00 Observe and Report**
**06.00 My Blueberry Nights**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (67:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Pretty Little Liars** (22:22)
**11.45 Perfect Couples** (6:13)
**12.10 Til Death** (13:18)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Mike & Molly** (9:24)
**13.25 The F Word** (7:9)
**14.15 Ghost Whisperer** (20:22)
**15.05 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (17:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (8:22)
**19.45 Arrested Development** (12:22)
**20.10 Stóra þjóðin** (1:6) Vandaðir heimildarþættir með Ingu Lind Karlsdóttur sem fjallar um offitu á Íslandi og fer ofan í saumana á þessu vaxandi vandamáli. Tilgangurinn er að upplýsa og leita skýringa, en einnig með það að leiðarljósi að slá á fordóma.
**20.40 New Girl** (16:24)
**21.05 2 Broke Girls** (4:24) Gamanþáttaröð sem fjallar um stöllurnar Max og Caroline sem kynnast við störf á veitingastað.
**21.30 Grey's Anatomy** (24:24)
**22.15 Gossip Girl** (16:24)
**23.00 Pushing Daisies** (13:13) Við höldum áfram að fylgjast með Ned og hans yfirnáttúrulegu hæfileikum.
**23.45 The Closer** (3:21)
**00.30 NCIS: Los Angeles** (21:24)
**01.15 Rescue Me** (14:22)
**02.00 Chase** (7:18)
**02.45 Fringe** (7:22)
**03.25 Fringe** (8:22)
**04.10 The Good Guys** (5:20)
**04.55 New Girl** (16:24)
**05.20 Stóra þjóðin** (1:6)
**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi deild kvenna: Valur - Stjarnan**
**14.05 Pepsi deild kvenna: Valur - Stjarnan**
**15.55 Eimskipsmótaröðin 2012** Samantekt frá fyrsta mótinu sem fram fór á Hólmsvelli í Leiru dagana 25. - 27. maí.
**16.25 Þýski handboltinn: Fuchse Berlin - Lemgo**
**18.05 Svíþjóð - Ísland** BEINT frá vináttulandsleik Svíþjóðar og Íslands á Gamla Ullevi.
**20.15 Þýski handboltinn: Fuchse Berlin - Lemgo**
**21.45 Svíþjóð - Ísland** Útsending frá vináttulandsleik á Gamla Ullevi.
**00.30 Eastern Conference Finals** BEINT frá leik í úrslitum Austurdeildarinnar.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Man. Utd. - Arsenal 28.08.11**
**18.30 Spain & Croatia (Group C)** Ítarleg kynning á liðunum sem keppa í úrslitakeppni EM í sumar.
**19.00 Arsenal - Blackburn**
**20.45 Wolves - WBA**
**22.30 Swansea - Blackburn**
**00.15 Season Highlights 2011/2012**

## STÖÐ 2 EXTRA

**18.45 The Doctors** (124:175)
**19.25 American Dad** (4:18)
**19.50 The Cleveland Show** (2:21)
**20.15 Masterchef USA 2** (1:20)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Two and a Half Men** (14:24)
**22.15 The Big Bang Theory** (5:24)
**22.40 How I Met Your Mother** (8:24)
**23.05 White Collar** (13:16)
**23.50 Burn Notice** (20:20)
**00.35 The Daily Show: Global Edition** (19:41)
**01.00 American Dad** (4:18)
**01.25 The Cleveland Show** (2:21)
**01.50 The Doctors** (124:175)
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.20 Real Housewives of Orange County** (4:17) (e)
**17.05 Solsidan** (6:10) (e)
**17.30 Dr. Phil**
**18.10 Mobbed** (3:11) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (29:48) (e)
**19.20 According to Jim** (8:18) (e)
**19.45 Will & Grace** (16:25) (e)
**20.10 Britain's Next Top Model** (12:14) Það er komið að sjöttu seríunni af Britain's Next Top Model. Nú mætir glæný dómnefnd til leiks með ofurfyrirsætuna Elle McPherson í fararbroddi. Fjórtán stúlkur taka þátt að þessu sinni og er von á afar spennandi þáttaröð þar sem ferðinni er meðal annars heitið til Noregs, Spánar og Malasíu.
**20.55 The Firm** (14:22) Þættir sem byggðir eru á samnefndri kvikmynd frá árinu 1993 eftir skáldsögu Johns Grisham. Í þessum hörkuspennandi þætti verður Mitch að láta undan kröfum óþokkans til að bjarga lífi félaga sinna.
**21.45 Law & Order UK** (13:13) Bresk þáttaröð um störf rannsóknarlögreglu og saksóknara í Lundúnum. Rannsóknarlögreglan er á hælum raðmorðingja í Lundúnum á meðan ekki er allt með felldu í réttarkerfinu.
**22.30 Jimmy Kimmel**
**23.15 Hawaii Five-0** (17:23) (e)
**00.05 Royal Pains** (4:18) (e)
**00.50 The Firm** (14:22) (e)
**01.40 Lost Girl** (4:13) (e)
**02.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Crown Plaza Invitational 2012 (3:4) **11.10** Golfing World **12.00** Crown Plaza Invitational 2012 (3:4) **15.00** BMW PGA Championship (2:2) **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (21:45) **19.20** LPGA Highlights (9:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (8:25) **21.35** Inside the PGA Tour (22:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (20:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## BBC entertainment

**06.30** My Family **08.00** The Inspector Lynley Mysteries **09.35** Deal or No Deal **10.10** EastEnders **10.40** Celebrity Come Dine With Me **11.30** QI **12.30** Keeping Up Appearances **13.30** One Foot in the Grave **14.40** QI **15.40** Top Gear **16.30** Celebrity Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** Top Gear **20.00** QI **20.30** Shooting Stars **21.00** Peep Show **21.25** Live at the Apollo **22.15** The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret **22.40** The Thick of It **23.10** Top Gear **00.00** My Family

## DR 1

**11.00** Folketingets afslutningsdebat **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamies køkken **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Hvem lagde lorten? **14.25** Skæg med bogstaver **14.45** Sprutte-Patruljen **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Det søde liv - jul **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Spise med Price **18.30** Søren Ryge direkte **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Bonderøven **20.30** Kidnappet **21.10** Pacific Paradise Police **21.55** Onsdags Lotto

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Grønn glede **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Kjendisbarnevakten **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** 60 år med dronning Elizabeth **18.35** Kystlandskap i fugleperspektiv **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Lov og orden. London **20.25** Lovesikh **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde føtter **22.05** Borgen **23.05** Odd Nordstoga live i studio 2 **00.15** Lov og orden. London **01.00** En plan for planeten

## svt1

**11.45** Mästarnas mästare **12.45** Cimarron Strip **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Från Lark Rise till Candleford **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Thaifjord **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Dom kallar oss skådisar **19.30** Kobra **20.00** United **21.35** Rapport **21.40** Kulturnyheterna **21.45** Malmöpolisen **22.45** Två hungriga italienare **23.45** Rapport **23.50** Hjälp, vi flyttar ihop!

## iNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Veiðisumarið

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT SPORT SPORT SPORT 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


MÓÐURFÉLAGIÐ
KYNNIR:
MIÐASALA HEFST 1. JÚNÍ
ABBA
40 ÁRA
HEIÐURSTÓNLEIKAR
ELDBORG HÖRPU 25.ÁGÚST
SELMA BJÖRNSDÓTTIR, JÓHANNA VIGDÍS ARNARDÓTTIR,
REGÍNA ÓSK ÓSKARSDÓTTIR OG STEFANÍA SVAVARSDÓTTIR
TÓNLISTARSTJÓRN: JÓN ÓLAFSSON
MIÐASALA Í MIÐASÖLU HÖRPU,
Á HARPA.IS, MIDI.IS OG Í SÍMA 5285050
MÓÐURFÉLAGIÐ

## GOTT Á GRILLIÐ



*„Það er klárlega lax. Ég kreisti yfirleitt sítrónu yfir hann og bæti við smá hvítlaukskryddi og ber fram ferskt salat með þessu. Ef þú bætir svo við óáfengum mojito þá verður þetta dagur til að muna eftir.“*

Bassi Ólafsson, trommari hljómsveitarinnar Kiriyama Family.

# Inga kvaddi Nasa með tárum

„Þetta var fullkomið lokakvöld. Sérstaklega var ég ánægð með að Palli skyldi hafa átt síðasta sönginn í húsinu en það var mín ósk,“ segir Inga, framkvæmdastjóri og eigandi skemmtistaðarins Nasa, um Eurovision-partý Páls Óskars þar síðastliðið laugardagskvöld.

Ballið var síðasti viðburðurinn sem haldinn verður á Nasa, en til stendur að reisa hótel á lóðinni. Páll Óskar endaði frábært og tilfinningaþrungið kvöldið með því að syngja Abba-lagið Thank You for the Music án undirspils. Inga stóð með honum á sviðinu og gat ekki tára bundist. Starfsfólk Nasa kom henni svo í opna skjöldu með gjöfum og skemmtilegri uppákomu. „Ég er algjör dramadrottning og mikið í mun að allt sé í lagi gagnvart lögreglunni og slökkviliðinu. Starfsfólkið fékk þá því í lið með sér og þeir komu á mitt ball og hótuðu að henda öllum út. Ég byrjaði að æsa mig við þá og var við það að fá taugaáfall þegar þeir drógu mig upp á svið, en ég ætlaði ekki að trúa því að þeir ætluðu að handtaka mig uppi á sviði fyrir framan alla. Þá hvíslaði einn þeirra að mér að þetta væri bara djók ef ég væri ekki búin að átta mig á því ennþá, sem ég var ekki búin að gera,“ rifjar Inga upp hlæjandi.

Þegar Fréttablaðið náði tali af henni var hún á fullu að pakka staðnum saman. „Þetta er ótrúlega erfitt en það er ekkert búið fyrr en það er búið. Nú þarf fólk bara að láta í sér heyra og sýna að það sé ósátt við lokunina,“ segir hún. Hún reynir þó að horfa bjartsýn fram á veginn. „Síðustu 10 ár hefur líf mitt snúist um Nasa en ég býst við að þegar einar dyr lokist opnist yfirleitt aðrar.“ **- trs**



**DRAMADROTTNING** Starfsfólk Nasa fékk lögregluna og slökkviliðið í lið með sér og kom Ingu í opna skjöldu á lokakvöldi skemmtistaðarins síðastliðinn laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Bryan Ferry kom fram á tvennum vel heppnuðum tónleikum í Hörpu á sunnudag og mánudag. Gríðarlega breiður hópur mætti á tónleikana á mánudagskvöld, en ungir sem aldnir virtust skemmta sér konunglega og klöppuðu Ferry og hljómsveit hans upp oftar en einu sinni að tónleikum loknum. Útvarpsmennirnir **Andri Freyr Viðarsson**, Matthías Már Magnússon og Daníel Geir Moritz, sem ber einnig titilinn fyndnasti maður landsins, mættu á svæðið rétt eins og hinn stimamjúki Birgir Ísleifur Gunnarsson, einn mesti Ferry-aðdáandi landsins. Hann var í fylgd kærustu sinnar, tískuspekingsins Ernu Bergmann. Krummi í Mínus lét einnig sjá sig, en með honum í för var söngvarinn Daníel Ágúst í glæsilegum gulum jakka.











JÓN ÞÓR ÞORLEIFSSON: 800 AUKAEISTU Í BÆNUM ÞESSA DAGA:

# 450 hommar og lesbíur keppa í sundi í Reykjavík

„Við erum að tala um alveg 800 aukaeistu í bænum þessa daga,“ segir Jón Þór Þorleifsson einn skipuleggjandi mótsins, en um 450 manns alls staðar að úr heiminum eru komnir hingað til lands til að taka þátt, 90% hommar og 10% lesbíur.

Mótið gengur undir nafninu IGLA Championships (International Gay and Lesbian Aquatics) og er heimsmeistaramót samkynhneigðra í sundgreinum. Það hefur verið haldið í tugi ára en þetta er í fyrsta skipti sem það er haldið hérlendis. „Það var skorað á okkur að halda mótið yfir bjór í Kaupmannahöfn fyrir þremur árum. Við tókum þeirri áskorun og sóttum um að fá að halda það. Við fengum 100% atkvæða á fundinum þar sem ákvörðunin var tekin ári seinna, en það er ekki algengt að það gerist,“ segir Jón Þór.

Undirbúningur mótsins hefur tekið um 2 ár, en það er Íþróttafélagið Styrmir sem stendur á bak við það og er Jón Þór þar í forsvari ásamt Bjarna Snæbjörnssyni. Íþróttafélagið Styrmir stílar inn á samkynhneigða en er fordómalaust félag og gagnkynhneigt fólk stundar einnig íþróttir þar, til dæmis er allt íslenska liðið í vatnspóló skipað gagnkynhneigðum strákum. Auk sundsambands Styrmis hafa Reykjavíkurborg og Menntamálaráðuneytið komið að mótinu og styrkt það. „Þetta er líka alveg frábært fyrir hagkerfið því það er ótrúlega mikið af fólki að koma til landsins, margir sem koma fyrr eða dvelja lengur, og öll skilja þau eftir peninga í landinu,“ segir Jón Þór.

Keppt verður í hefðbundnu sundi, víðavangssundi, sundknattleik, dýfingum og samhæfðri sundfimi og fer mótið fram í Laugardalslauginni og Sundhöllinni. Öllum er velkomið að koma og fylgjast með og er aðgangur ókeypis. Einnig verður boðið upp á ókeypis námskeið í samhæfðri sundfimi í Sundhöllinni sem allir geta skráð sig á svo framarlega sem þeir séu eldri en 16 ára og nái að synda 100 metra án þess að stoppa. „Ég prufaði einu sinni samhæfða sundfimi og þetta er alveg brjálæðislega erfitt, ég var næstum því drukknaður,“ segir Jón Þór. Nánari upplýsingar og dagskrá má nálgast á heimasíðunni Igla2012.org. **tinnaros@frettabladid.is**



**SKIPULEGGJA MÓTIÐ** Þeir Jón Þór og Bjarni hafa verið tvær af aðalvítamínsprautum sundliðs Íslands á mótinu undanfarin ár. Þeir koma þó ekki til með að taka þátt í ár þar sem öll þeirra orka fer í undirbúning mótsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Nýtt lag handa djömmurum

Rapparinn Bent syngur nýjan sumarsmell XXX Rottweiler, Klárum allt í kvöld, sem er nýkominn í loftið.

„Klárum allt í kvöld er um að klára allt í kvöld. Sem sagt að gera sér glaðan dag, hver og einn á sinn hátt auðvitað. Lagið er öfgafullt, rétt eins og allt sem ég geri,“ segir Bent um nýja lagið.

Myndbandið við lagið hefur vakið athygli en þar er Bent í mynd allan tímann, ráfandi um frá einum stað til annars. „Við tókum það upp klukkan fjögur um nótt á Prikinu. Við skelltum gopro-tökuvél á hausinn á mér og tókum þetta í einu rennsli. Svo skelti ég í mig nokkrum drykkjum því ég er „method actor“.“

Hann hefur lítið verið að rappa undanfarið vegna anna við upptökur á gamanþáttunum Steindanum okkar og hefur Erpur Eyvindarson því mestmegnis séð um hljóðnemann. Aðspurður segir Bent ekkert sérstakt framundan hjá Rottweiler, fyrir utan útgáfuna á nýja laginu. „Það eru engir meikdraumar á bak við útgáfuna á þessu lagi. Mig langaði bara að „tríta“ djammara landsins aðeins.“

Spurður hvort ný Rottweiler-plata sé væntanleg segir hann einfaldlega: „Breiðskífan er dauð.“ **-fb**



**XXX ROTTWEILER** Rappararnir hafa sent frá sér lagið Klárum allt í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




**Næstu sýningar**

31. maí 2012, 20:00
2. júní 2012, 19:00
3. júní 2012, 19:00
6. júní 2012, 20:00
9. júní 2012, 19:00
10. júní 2012, 19:00
13. júní 2012, 20:00
16. júní 2012, 19:00
19. júní 2012, 20:00
23. júní 2012, 19:00
24. júní 2012, 19:00
28. júní 2012, 20:00
29. júní 2012, 20:00

**Miðasala**
www.harpa.is
Sími: 528 5050

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tilnefndir í Noregi

Uppfærsla Vesturports á sýningunni Hamskipti í norska þjóðleikhúsinu hefur verið tilnefnd sem sýning ársins í Noregi. Leikararnir Ingvar E. Sigurðsson og **Gísli Örn Garðarsson** leika í sýningunni en Gísli Örn er einnig leikstjóri. Leiklistarverðlaunin sem um ræðir nefnast Heddapriset og Hamskipti etur þar kappi við fjórar aðrar sýningar. Sýningin var frumsýnd í byrjun árs og hefur fengið góðar móttökur en verðlaunaafhendingin sjálf fer fram þann 10. júní næstkomandi.



### Eurovision-nördar á Twitter

Eins og vanalega sat landinn límdur við skjáinn þegar Eurovision-söngvakeppnin fór fram á laugardagskvöld. Flestir létu sér nægja að rabba um keppnina við vini og kunningja en þó ekki allir því hið ört vaxandi samfélag Íslendinga á Twitter hreinlega logaði meðan á keppninni stóð. Þannig tístu alls 1.100 Íslendingar 7.400 sinnum á laugardagskvöld undir merkinu #12stig sem hafði verið auglýst sem opinbert merki Íslendinga sem vildu ræða Eurovision á Twitter. Má telja ólíklegt að Íslendingar hafi rætt jafn mikið um einn viðburð áður á Twitter. Meðal þeirra sem voru hvað duglegastir í tístinu voru **Gísli Marteinn Baldursson**, borgarfulltrúi og Eurovision-sérfræðingur, Örn Úlfar Sævarsson, Gettu betur dómari, Ólafur Arnalds, tónlistarmaður, og Stefán Eiríksson, lögreglustjóri. **-áp / mþl**



### Mest lesið vísir

1. Varúð - sterkt sólskin framundan á Íslandi
2. Guðgeir sýndi engin svipbrigði - Skúli missti 50 lítra af blóði
3. Þrír Íslendingar slógu í gegn í karókí í Berlín
4. Venus gengur fyrir sólu
5. Ætluðu að fremja hryðjuverk í Danmörku





